# FRÉTTABLAÐIÐ

24. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 29. JANÚAR 2019




Héraðsdómari, saksóknari, verjendur og réttargæslumenn í Shooters-málinu svokallaða, þar sem tveir menn eru ákærðir fyrir alvarlega líkamsárás á dyravörð, fóru í gær í vettvangsferð á skemmtistaðinn í miðbæ Reykjavíkur. Aðalmeðferð í máli Arturs Pawels Wisock og Dawids Kornacki lauk í dag. Saksóknari kallar eftir þungri refsingu í málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Krefur ríkið um tugi milljóna í bætur

**Guðmundur R. Guðlaugsson hefur stefnt ríkinu vegna atvinnumissis í kjölfar ólögmæts gæsluvarðhalds og fjölda þvingunarráðstafana lögreglu fyrir tæpum áratug. Guðmundur hefur ekki verið á vinnumarkaði síðan og krefst hann nú tæplega 60 milljóna í skaðabætur.**

**DÓMSMÁL** „Ég glími enn við áfallastreitu og mikla vanlíðan vegna þessara atburða og það þarf lítið til að vanlíðanin rjúki upp,“ segir Guðmundur R. Guðlaugsson sem hefur stefnt íslenska ríkinu vegna atvinnumissis sem hann varð fyrir í kjölfar fjölda þvingunarráðstafana lögreglu sem beindust að honum að ósekju við rannsókn á fíkniefnamisferli sonar hans fyrir tæpum áratug. Hann krefst tæplega 60 milljóna í skaðabætur.

Árið 2017 voru Guðmundi dæmdar tvær milljónir í miskabætur vegna málsins, annars vegar vegna þvingunarráðstafana sem beindust að honum vegna afbrota sem sonur hans var grunaður um. Sími Guðmundar var hleraður, gerð var húsleit á heimili hans, í geymslu og bankahólfi hans án lagaheimildar Þá voru honum dæmdar bætur sérstaklega vegna vanvirðandi meðferðar sem hann mátti þola við óviðunandi aðstæður í gæsluvarðhaldi og einangrun í meira en 10 sólarhringa á lögreglustöðinni við Hlemm. Var meðferðin talin í andstöðu við 68. gr. stjórnarskrárinnar

> **Guðmundi var haldið í einangrun við þröngan kost á lögreglustöð í 10 daga vegna brota sonar hans.**

sem á að tryggja vernd gegn pyndingum og vanvirðandi meðferð og refsingu.

Málið sem Guðmundur rekur nú gegn ríkinu varðar atvinnumissi hans í kjölfar lögregluaðgerðanna en fimm dögum eftir að hann losnaði úr gæsluvarðhaldinu árið 2010 gerði vinnuveitandi hans starfslokasamning við hann. Guðmundur er menntaður kjötiðnaðarmaður og rekstrarfræðingur og gegndi stjórnendastöðu hjá framleiðslufyrirtæki þegar ósköpin dundu yfir. Hann hefur verið frá vinnu síðan.

Í vottorðum sálfræðings og sálfræðilæknis, sem lögð voru fram í fyrrnefndu bótamáli, kemur fram að einkenni sem Guðmundur sýni bendi til að hann þjáist af aðlögunarröskun sem rekja megi til gæsluvarðhaldsins. Að áliti dómkvaddra yfirmatsmanna frá nóvember 2015 þróaði Guðmundur með sér áfallastreituröskun í kjölfar aðgerðanna sem hann glími enn við. Sjúkrasaga hans bendi til þess að hann hafi verið viðkvæmur fyrir þó svo að eðli áfallsins og afleiðingar hafi skipt máli fyrir þróun á langvinnri röskun. Þrátt fyrir að meðferð á Reykjalundi hafi skilað nokkrum árangri séu ekki líkur til þess að stefnandi snúi aftur til starfa á almennum vinnumarkaði.

Munnlegur málflutningur í málinu er á dagskrá Héraðsdóms Reykjavíkur í næstu viku. **– aá**

## Engin tilviljun

**UMRÆÐA** „Það er engin tilviljun sem réði því hvaða tölvupóstum var eytt, það var ekki bara einhver sem af slysni ýtti á takka, vegna þess að sömu póstum var eytt af eftirritunardiskum. Það var greinilega einbeittur vilji að baki eyðingu póstanna,“ skrifar Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, í opnu bréfi til Dags B. Eggertssonar borgarstjóra í blaðinu í dag.

Þar tætir Kári í sig samskiptin milli Dags og Hrólfs Jónssonar sem hurfu.

**Sjá síðu 9**



**Kári Stefánsson.**



**Flugvél kemur til lendingar á Reykjavíkurflugvelli.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Flugslysalaust ár í fyrra

**SAMGÖNGUMÁL** Árið 2018 var flugslysalaust ár. Er þetta í fyrsta skipti síðan árið 1969 að ekkert flugslys er skráð en ekkert banaslys hefur orðið í flugi síðan árið 2015.

„Það er auðvitað samspil allra sem koma að flugöryggismálum hversu vel hefur tekist til síðustu ár. Öllum þeim sem vinna að flugöryggi, hvort sem það eru flugmenn, flugvallarstarfsmenn eða aðrir, ber að þakka að ekkert flugslys varð á árinu,“ segir Þorkell Ágústsson, formaður flugsviðs rannsóknarnefndar samgönguslysa. **– sa /** **sjá síðu 4**

## Fréttablaðið í dag

### Halldór




**SKOÐUN** Guðjón S. Brjánsson skrifar um stöðu vestnorrænu ríkjanna. 8

**SPORT** Badmintonspilarinn Kári Gunnarsson freistar þess að komast á Ólympíuleikana í Tókýó árið 2020. 10

**LÍFIÐ** Vill að keppendur ráði sjálfir tungumálinu í Eurovision. 22

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● VÖRUBÍLAR OG VINNUVÉLAR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




Norðaustan og norðan 8-15 í dag með éljum, en víða bjart S- og V-lands. Frost 1 til 10 stig og kólnandi veður, einkum inn til landsins.

SJÁ SÍÐU 14

# Gengu hart fram gegn göngugötu



Verslunar- og fasteignaeigendur við Laugaveg mættu vígreifir til rýnifundar í Ráðhúsi Reykjavíkur, þar sem markmiðið var að ræða sjónarmið hagsmunaaðila um varanlegar göngugötur. Andstæðingum hugmynda um göngugötur var mörgum hverjum heitt í hamsi í umræðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Taka saman ábendingar vegna skýrslu

**VÍSINDI** Ekki liggur fyrir hver afdrif hvalveiðiskýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands (HHÍ) verða. Stjórn HHÍ fundaði í liðinni viku vegna skýrslunnar en kemur almennt saman til fundar einu sinni á ári.



Daði Már Kristófersson.

„Forstöðumanni HHÍ var falið að taka saman ábendingar sem borist hafa og leggja þær fyrir stjórnina sem síðan mun taka afstöðu til þeirra á næsta fundi,“ segir Daði Már Kristófersson, formaður stjórnar HHÍ. Ekki er víst hvenær þeirri vinnu lýkur. – khn

## Hámarkshraði á einbreiðum brúm lækkar

**SAMGÖNGUR** Hámarkshraði verður lækkaður niður í 50 km/klst. á 75 einbreiðum brúm á þjóðvegum landsins á næstunni. Í þeim hópi eru allar einbreiðar brýr á hringveginum. Breytingin tekur gildi um leið og skipt hefur verið um skilti við brýrnar. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Vegagerðinni.

Ákvörðun um þessa breytingu var tekin af yfirstjórn Vegagerðarinnar fyrr í þessum mánuði. Í tilkynningunni kemur einnig fram að stefnt sé að fleiri öryggisaðgerðum við brýr á þjóðvegum landsins. Ekki er þó vikið að því hvaða aðgerðir það eru sem þar um ræðir.

Meðal brúa sem eru í þessum hópi má nefna brýr yfir Jökulsá á Sólheimasandi, Svínafellsá, Breiðbalakvísl og Skaftafellsá. – jóe



Rúmenar fengu útskriftarskírteini gegn greiðslu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Keyptu fölsuð prófskírteini

**SVÍÞJÓÐ** Fjöldi rúmenskra hjúkrunarfræðinga, sem ráðnir hafa verið til starfa í Svíþjóð, er með útskriftarskírteini frá skólum í Rúmeníu án þess að hafa stundað þar nám. Frá þessu er greint í fréttaskýringaþætti sænska ríkissjónvarpsins.

Skólarnir hafa tekið við greiðslum frá „nemendunum“, innritað þá í nám og útskrifað án þess að þeir hafi tekið þátt í kennslunni.

Stjórnvöld í Rúmeníu hyggjast nú skoða alla skóla í landinu sem bjóða upp á nám í heilbrigðisgeiranum. – ibs




# Kaupir umdeilda eign sonarins á Þingvöllum

**Forkaupsréttur ríkisins að steypugrunni í þjóðgarðinum á Þingvöllum var ekki nýttur og hefur Páll Samúelsson keypt af syni sínum og tengdadóttur. Verðið er ekki gefið upp. Grunnurinn er á lóð í eigu ríkisins með leigusamning til 2021.**

**STJÓRNSÝSLA** Þingvallanefnd ákvað í nóvember að ganga ekki inn í viðskipti með steypugrunn innan friðlandsins á bakka Þingvallavatns.

Um er að ræða grunn á lóðinni Valhallarstíg nyrðri 7 sem áður hefur verið í fréttum, síðast 2017 er Þingvallanefnd snerist hugur og ætlaði að ganga inn í kaup Gísla Haukssonar í Gamma á grunninum af hjónunum Boga Pálssyni og Sólveigu Dóru Magnúsdóttur fyrir 70 milljónir króna. Fjármálaráðuneytið sagði á endanum ekki forsendur til að kaupa eignina „miðað við það verð sem lagt hefur verið til grundvallar“. Gekk Gísli einnig úr skaftinu og grunnurinn var því áfram í eigu Boga og Sólveigar.

Þingvallanefnd barst í október í haust bréf frá Boga. Hann hafði þá fengið tilboð í húsgrunninn frá föður sínum, Páli Samúelssyni. Páll var eigandi Toyota-umboðsins á Íslandi til 2005. Þingvallanefnd ákvað sem fyrr segir að nýta ekki forkaupsréttinn.

Ekki er unnt að sjá að þessu sinni hvaða viðskiptum ríkið er að hafna því strikað er yfir kaupverðið í afriti af skjölum sem send voru Fréttablaðinu. „Nöfn og fjárhæðir hafa verið teknar út með vísan til 9. gr. upplýsingalaga,“ útskýrir þjóðgarðsvörður. „Óheimilt er að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á,“ segir í umræddri lagagrein.

Samkvæmt fasteignaskrá var gefið út afsal fyrir eigninni til Páls Samúelssonar um miðjan desember.

Þegar málið kom á borð Þingvallanefndar á árunum 2016 og 2017 þótti verulegur vafi leika á því að framkvæmdir Boga og Sólveigar á árunum fyrir hrun samræmdust skilmálum. Í bréfi Ólafs Arnar Haraldssonar, þáverandi þjóðgarðsvarðar, til forsætisráðuneytisins í október 2016 rakti Ólafur Örn að Bogi og Sólveig hefðu látið rífa sumarhús á lóðinni og í stað þeirra hefði verið gerður 133,7 fermetra grunnur úr steinsteypu á stöplum með kjallara. Stærð kjallarans væri ekki innifalin í tilgreindri stærð.



Þingvallanefnd vildi kaupa 2016 og breyta í nestispall. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

> Nöfn og fjárhæðir hafa verið teknar út með vísan til 9. gr. upplýsingalaga.
>
> Einar Á. E. Sæmundsen, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum

„Þingvallanefnd telur að þar sem sumarhúsin voru rifin og steyptur var í stað þeirra grunnur á stöplum ásamt kjallara séu hugsanlega í reynd brostnar forsendur fyrir því að endurbygging sumarhúsanna teljist til þeirra lagfæringa eða breytinga sem þegar var búið að samþykkja.“

Í svarbréfi Einars Á. E. Sæmundsen, núverandi þjóðgarðsvarðar, til Boga Pálssonar þar sem tilkynnt er um að fallið sé frá forkaupsréttinum er ekki minnst á efasemdir um að framkvæmt hafi verið í heimildarleysi á lóðinni. Hins vegar leiðbeint um hvernig halda megi byggingunni áfram. Til þess þurfi að sækja um nýtt byggingarleyfi hjá Bláskógabyggð þar sem gamla leyfið sé fallið úr gildi. Einnig þurfi samþykki Þingvallanefndar fyrir öllum framkvæmdum í þjóðgarðinum.

Grunnurinn er á lóð í eigu ríkisins. Leigusamningur var endurnýjaður árið 2011 til tíu ára. gar@frettabladid.is

# 1. SÆTI KILJULISTANS!

## EKKI MISSA AF ÞESSARI!



Jørn Lier Horst er ásamt Jo Nesbø vinsælasti glæpasagnahöfundur Norðmanna. Hann er margverðlaunaður og hefur meðal annars fengið Glerlykilinn fyrir bestu norrænu glæpasöguna.




**TILBOÐSVERÐ:**

**2.999.-**

**Fullt verð: 3.999.-**

**1.**
**Metsölulisti Eymundsson**
**- KILJUR -**

Eldraunin

**„Framúrskarandi."**
Crime by the Book

**„Hvað eftir annað greip ég andann á lofti. Lesið sjálf til að sjá hvar! Eldraunin er fullkomin glæpasaga."**
Aftonbladet

**„Lokahluti bókarinnar er rosalegur."**
Shots Magazine

**#LESUMMEIRA**

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverðs er 30. janúar eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Alþingi ítrekað gengið fram hjá Siðfræðistofnun Háskóla Íslands

**STJÓRNMÁL** Siðfræðistofnun Háskóla Íslands var ekki meðal þeirra sem velferðarnefnd Alþingis óskaði umsagna frá um frumvarp heilbrigðisráðherra um þungunarrof þegar umsagnarbeiðnir voru sendar út þann 13. desember síðastliðinn. Meðal þeirra sem fengu umsagnarbeiðnir voru fjölmörg trúar- og lífsskoðunarfélög.

Haft var eftir Halldóru Mogensen í Fréttablaðinu á laugardaginn að beiðni um umsögn frá stofnuninni hefði verið ítrekuð og henni veittur tveggja vikna frestur til viðbótar til að senda umsögn.

„Siðfræðistofnun var ekki sent frumvarpið til umsagnar fyrr en á föstudaginn var eftir að þingmenn sem staddir voru á ársfundi Siðfræðistofnunar heyrðu að stofnuninni hafði ekki verið sent frumvarpið til umsagnar," segir Vilhjálmur Árnason, stjórnarformaður stofnunarinnar.

Halldóra segist ekki hafa vitað betur en Siðfræðistofnun hafi fengið beiðni um umsögn. „Þetta hefur hreinlega yfirsést og ég ætla að senda



**Vilhjálmur Árnason.**

Siðfræðistofnun tölvupóst og biðja þau afsökunar á því að hafa talað um ítrekun þegar okkur í nefndinni hefur klárlega yfirsést að bæta þeim á listann."

Vilhjálmur segir þetta ekki í fyrsta skipti sem gengið hafi verið fram hjá stofnuninni með mál af þessu tagi, því að ekki hafi verið óskað umsagnar hennar um frumvarp um breytingu á lögum um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði en leitað hafi verið umsagna 55 aðila um það mál. Í því tilviki hafi raunar heldur ekki verið leitað umsagna Vísindasiðanefndar en umrædd lög eru starfsgrundvöllur nefndarinnar.

Aðspurður segist Vilhjálmur ekki gera athugasemdir við að óskað sé umsagna frá trúfélögum um mál sem varðað geta siðferðileg álitamál en það skjóti skökku við að fremur sé leitað til þeirra en Siðfræðistofnunar.

Í nýjum samningi sem forsætisráðherra gerði við Siðfræðistofnun um ráðgjöf til stjórnvalda í siðfræðilegum efnum er þess getið að hvert og eitt ráðuneyti auk Alþingis geti óskað ráðgjafar Siðfræðistofnunar um tiltekin mál, þar á meðal um fyrirhugaða lagasetningu.

Í frumvarpi um þungunarrof eru þeir taldir sem ráðuneytið leitaði til við samningu frumvarpsins. Siðfræðistofnun er ekki þeirra á meðal. **– aá**

## Hefja gjaldtöku í Knarrarósvita

**MENNING** Hefja á töku aðgangseyris í Knarrarósvita austan Stokkseyrar í kjölfar endurbóta Vegagerðarinnar á vitanum. Tillaga er um 1.000 króna gjald fyrir fullorðna og 500 krónur fyrir ellefu til sautján ára.

Heimamenn í Árborg líta einnig til mögulegs samstarfs við Byggðasafn Árnesinga með því að selja sameiginlega aðgang að Rjómabúinu og hinum 26 metra háa Knarrarósvita að því er kemur fram í minnisblaði sem lagt var fyrir bæjarráð.

Við undirbúning málsins var meðal annars rætt við Hilmar Sigvaldason sem annast hefur Akranesvita gagnvart gestum. Haft er eftir honum að mikilvægt sé að þeir sem sjái um Knarrarósvita hafi áhuga á mannlegum samskiptum og þekki sögu mannvirkjanna vel. **– gar**



**Litið er til reynslunnar við Akranesvita.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**LEIÐRÉTTING**

*Í Fréttablaðinu í gær var ranghermt að Guðmundur Þór Guðmundsson væri skjalastjóri Biskupsstofu. Hið rétta er að hann er skrifstofustjóri. Beðist er afsökunar á þessum mistökum.*

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Ekkert flugslys varð í fyrra í fyrsta skipti í nærri hálfa öld

**Árið 2018 var flugslysalaust ár. Er þetta í fyrsta skipti síðan árið 1969 að ekkert flugslys er skráð. Ekkert banaslys frá 2015. Allir sem vinna að flugöryggi eiga hrós skilið segir formaður flugsviðs rannsóknarnefndar samgönguslysa. Gleðiefni fyrir flugmenn segir framkvæmdastjóri Félags íslenskra atvinnuflugmanna.**

**SAMGÖNGUMÁL** Ekkert flugslys var skráð í fyrra en það hefur ekki gerst síðan árið 1969. Ekkert banaslys varð í flugi í ár og hefur ekkert banaslys orðið í flugi síðan árið 2015. Er það í fjórða skiptið á lýðveldistímanum sem ekki verður banaslys í flugi í þrjú ár samfleytt. Formaður flugslysanefndar segir þetta mikil tímamót og mjög ánægjulegt að ekkert flugslys hafi verið skráð í fyrra.

„Það er auðvitað samspil allra sem koma að flugöryggismálum hversu vel hefur tekist síðustu ár. Öllum þeim sem vinna að flugöryggi, hvort sem það eru flugmenn, flugvallarstarfsmenn eða aðrir, ber að þakka að ekkert flugslys varð á árinu," segir Þorkell Ágústsson, formaður flugsviðs rannsóknarnefndar samgönguslysa.

Fimm banaslys hafa orðið í flugi á síðasta áratug. Árið 2009 varð banaslys þegar einkaflugvél flaug á rafmagnslínu í Selárdal. Tveir menn létust árið 2012 þegar kennsluflugvél ofreis á Reykjanesi og spannst til jarðar. Ári seinna létust tveir í sjúkraflugi Mýflugs ofan Akureyrar. Árið 2015 urðu svo tvö banaslys, annað í Barkárdal í ágúst og hitt í Kapelluhrauni í nóvember. Síðan þá hefur enginn látist í flugi hér á landi. Að sama skapi urðu engin banaslys í flugi hér á landi milli áranna 2001 og 2008.

„Þetta er sérstakt gleðiefni fyrir bæði flugmenn og annað fólk á flugsviði sem hefur unnið ötullega að flugöryggismálum undanfarna áratugi," segir Lára Sif Christiansen, framkvæmdastjóri Félags íslenskra



**Flugvél kemur til lendingar. Síðasta ár var fyrsta árið síðan 1969 sem ekkert flugslys var skráð.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Þetta er sérstakt gleðiefni fyrir bæði flugmenn og annað fólk á flugsviði**
>
> Lára Sif Christiansen, framkvæmdastjóri Félags íslenskra atvinnuflugmanna

atvinnuflugmanna. „Þetta er jafnframt þriðja árið í röð þar sem engin banaslys hafa orðið í flugi, og vonumst við til að með áframhaldandi áherslu á öryggismál náum við að halda slysatíðni í algjöru lágmarki."

Frá árinu 2009 til ársins 2018 hefur tilkynningum til Rannsóknarnefndar samgönguslysa fjölgað úr 1.156 í rétt tæplega þrjú þúsund tilkynningar. Að miklu leyti stafar fjölgunin af aukinni flugumferð á svæðinu sem og að flugrekendur og aðrir tilkynningarskyldir aðilar eru duglegri við að tilkynna atvik til rannsóknarnefndarinnar. Flugsvið rannsóknarnefndarinnar skoðaði 37 mál af þeim þrjú þúsund sem tilkynnt voru og skráði 19 þeirra sem alvarleg flugatvik og tók þau til formlegrar rannsóknar.

Frá árinu 1996 hefur flugsvið Rannsóknarnefndar samgönguslysa gefið út að meðaltali 12 tillögur eða tilmæli í öryggisátt á hverju ári eða um eina á mánuði og virðist það vera að bera árangur.

**sveinn@frettabladid.is**

**SKRIFSTOFAN**



SYRUSSON
Syrusson skrifstofuvörur
Síðumúla 33 | Sími: 588-4555 | www.syrusson.is | syrusson@syrusson.is

# Námsmaður endurgreiði 700 þúsund

**STJÓRNSÝSLA** Konu í framhaldsskólanámi hefur verið gert að endurgreiða Vinnumálastofnun (VMS) tæpar 700 þúsund krónur, auk 15 prósent álags á upphæðina, vegna ofgreiddra atvinnuleysisbóta. Þetta er niðurstaða úrskurðarnefndar velferðarmála (ÚRVe).

Lögum samkvæmt er óheimilt að stunda nám yfir tíu einingum og þiggja samtímis atvinnuleysisbætur. Þá er það skilyrði að gerður sé námssamningur við stofnunina og henni þar með gert viðvart um námið. Konan skráði sig í nám á haustönn 2017 eftir að hafa verið hvött til þess af starfsmanni VMS. Taldi starfsmaðurinn að það myndi styrkja stöðu hennar í atvinnuleit.

Varð það úr að konan tók tíu einingar, það er framhaldsskólaeiningar, á haustönninni. Á vorönninni var henni bent á það af skólanum að rétt væri að hún tæki



**Konan taldi sig í fullum rétti til að taka áfangana enda hafði hún skráð sig í námið eftir ráðleggingu frá Vinnumálastofnun.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

nokkra eldri áfanga, tíu einingar til viðbótar, á nýjan leik þar sem einkunnir hennar hefðu ekki verið góðar í fyrstu atrennu. Fylgdi hún þeirri ráðleggingu. VMS krafði hana þá um endurgreiðslu á bótum fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins þar sem hún hefði verið skráð í tuttugu eininga nám. ÚRVe féllst á aðgerðir VMS og staðfesti þær. Þó fann nefndin að því að samningur VMS við konuna hefði ekki verið skriflegur heldur aðeins munnlegur. Konan þarf því að greiða stofnuninni alls um 800 þúsund krónur. **– jóe**





## Endalaust Internet fyrir 6.990 kr. á mánuði*

Uppsetning innifalin

Kláraðu málið á **vodafone.is**, í síma **1414** eða komdu við í næstu verslun.

Framtíðin er spennandi.

**Ertu til?**

vodafone

Hluti af sýn

*Aðgangsgjald og netbúnaður ekki innifalið í verði.

## Fjöldamótmæli í Katalóníu

**SPÁNN** Þjóðfundur Katalóníu (ANC), samtök katalónskra sjálfstæðissinna, hefur boðað til fjöldamótmæla í héraðinu í dag en fastlega er búist við því að á sama tíma verði þeir níu aðskilnaðarsinnar sem vistaðir eru í katalónskum fangelsum fluttir til Madrídar þar sem málið gegn þeim fer fyrir dóm í febrúar.

Samkvæmt El Nacional hefur ANC hvatt borgara til þess að flagga katalónska fánanum. Þá stefna aðgerðasinnar að því að safnast saman við þá vegi og þær brýr sem líklegt þykir að fangarnir verði fluttir um. „Við munum sýna þeim allan þann stuðning sem við getum áður en þau fara,“ sagði í tilkynningu.

Einnig stendur til að mótmæla á fjöldafundum um kvöldið í höfuðstað hverrar sýslu undir slagorðinu „Falskt réttlæti“. ANC fer svo fram á að mótmælin haldi áfram fyrir utan skrifstofur héraðsforsetaembættisins næstu daga.

Hinir ákærðu hafa lýst ótta við að réttarhöldin verði ósanngjörn. – þea



McDonalds og fleiri birgja sig upp.

## Óttast vöruskort

**BRETLAND** Breskir kaupmenn og verslunarkeðjur óttast að samningslaus útganga úr Evrópusambandinu geti orsakað hærra vöruverð og vöruskort til skamms tíma. Sainsbury's, Asda og McDonalds birgja sig nú upp af matvælum ef svo fer. BBC greindi frá þessu í gær.

Breska þingið hefur hafnað samningnum sem ríkisstjórn Theresu May forsætisráðherra var búin að ná og málið því í lausu lofti þegar átta vikur eru til stefnu.

Boris Johnson, þingmaður Íhaldsflokksins, sagði í grein í Telegraph í gær að ef May næði að fá umdeilda varúðarráðstöfun um fyrirkomulag á landamærunum við Írland fjarlægða myndi flokkurinn allur styðja samkomulagið. Næstu skref verða til umræðu í þinginu í dag. – þea


Frá fundi Zalmay Khalilzad, formanni samninganefndar Bandaríkjanna með Ashraf Ghani, forsætisráðherra Afganistan, í Kabúl. NORDICPHOTOS/AFP

# Stórt skref stigið í átt að friði

**Sex daga viðræður Bandaríkjanna og talibana skila árangri. Samþykktu ramma utan um friðarsamninga. Talibanar koma í veg fyrir hryðjuverkastarfsemi og mæta til viðræðna við stjórnina ef Bandaríkjamenn fara úr landi.**

**AFGANISTAN** Samninganefndir Bandaríkjamanna og talibana í Afganistan hafa komist að samkomulagi um ramma utan um friðarsamninga. Talibanar munu samkvæmt því samkomulagi ábyrgjast að hryðjuverkamenn starfi ekki á afganskri grund. Í kjölfarið gæti bandaríski herinn yfirgefið ríkið alfarið ef vopnahléi er komið á og Talibanar mæta til viðræðna við afgönsku ríkisstjórnina. Þetta samkomulag er afrakstur sex daga langra viðræðna í Katar.

Zalmay Khalilzad, sem leiðir samninganefnd Bandaríkjanna, sagði í viðtali við The New York Times í höfuðborginni Kabúl að það ætti enn eftir að fylla í ýmsar eyður svo þessi rammi yrði að samningi. „Talibanar hafa skuldbundið sig til að gera hvað sem þarf til þess að koma í veg fyrir að Afganistan verði leikvöllur alþjóðlegra hryðjuverkasamtaka. Það er ánægjulegt. Við höfum næga trú á viðræðunum til þess að tilkynna um þetta nú,“ sagði Khalilzad aukinheldur.

Samkvæmt The New York Times eru níu ár liðin frá því farið var að reyna að koma á friði. Skrefið sem nú hefur verið stigið í átt að stríðslokum er það stærsta á þessum níu árum.

Ghani hélt ávarp eftir að Khalilzad hafði upplýst hann um stöðuna. Þar sagði hann að allir erlendir hermenn myndu í framtíðinni yfirgefa Afganistan, en það hefur verið helsta krafa talibana.

„Enginn Afgani vill erlendar hersveitir í landinu til frambúðar. Vera þeirra hér á þessari stundu er til komin vegna þess að hún er nauðsynleg. Þessi nauðsyn þarf að vera í sífelldri skoðun og endurskoðun,“ sagði Ghani.

Talibanar hafa alla tíð neitað að eiga í viðræðum við afgönsku stjórnina. Álita hana „strengjabrúðu Bandaríkjanna“. Nú eru þeir hins vegar tilbúnir til viðræðna um leið og föst dagsetning er komin á brotthvarf Bandaríkjahers.

thorgnyr@frettabladid.is

### Átök í Afganistan í nærri hálfa öld

Ófriður hefur ríkt í Afganistan í nærri hálfa öld eða allt frá því Mohammed Daoud Khan lýsti sig forseta eftir valdarán. Fimm árum síðar var hann myrtur af hersveit kommúnistaflokksins PDPA.

Stjórn PDPA reyndist óstöðug og Mujahideen-liðar sóttu hart að henni. Sovétríkin óttuðust að stjórninni yrði steypt af stóli og gerðu innrás árið 1979. Þeim tókst hins vegar ekki að brjóta Mujahideen á bak aftur og hrökkluðust heim árið 1989.


Mujahideen-liðar stilla sér upp með sovéskri herflugvél sem þeir höfðu grandað. NORDICPHOTOS/GETTY

Stjórnin barðist þó enn gegn Mujahideen, sem naut stuðnings Bandaríkjanna. Mujahideen hafði betur. Stjórnin féll 1992 og leiðtogar Mujahideen-fylkinga undirrituðu Peshawar-samkomulagið um skiptingu valda í bráðabirgðastjórn.

Stríðið hélt þó áfram. Talibanar tóku Kabúl árið 1996 og lýstu yfir stofnun Íslamska furstadæmisins Afganistan. Enn hélt stríðið áfram. Norðurbandalagið, nýtt bandalag hersveita hluta Mujahideen-hreyfingarinnar, hélt áfram að berjast gegn talibönum.

Al-Kaída studdu talibana og eftir hryðjuverkin 11. september 2001 réðust Bandaríkjamenn og bandamenn þeirra inn í Afganistan í þeim tilgangi að steypa talibönum af stóli og neita al-Kaída þannig um bækistöðvar í landinu. Stjórn talibana féll í lok árs og síðan þá hefur núverandi stjórn farið með völdin.

Fimmtán milljónir Afgana eru sagðar búa annaðhvort undir beinni stjórn talibana eða á svæðum þar sem talibanar eru sjáanlegir og gera reglulegar árásir.

Bandaríski herinn dró mikið úr viðveru sinni frá 2012 til 2014.






# Ultimaker

# Þrívíddarprentarar

## Prentþræðir

colorFabb

Ultimaker

Innofil 3D







Yfir 30 gerðir af prentþræði á lager, 1,75 mm og 2,85 mm
ABS, PLA, PVA, Nylon, Tough PLA o.fl.

## Þrívíddarskannar





Hægt að senda teikningar í 3d prentara,
fræsara eða leiserskurðarvélar.

IÐNVÉLAR

Smiðjuvegi 44-46 | 200 Kópavogur | Sími 414 2700 | sala@idnvelar.is | www.idnvelar.is

# Sjálfræði



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Umsagnarfrestur fyrir frumvarp heilbrigðisráðherra um breytingar á lögum um þungunarrof – frumvarp sem í óbreyttri mynd heimilar þungunarrof til loka 22. viku þungunar – er liðinn og ef það er eitthvað sem blasir við þegar rýnt er í innsend erindi þá er það sú staðreynd að trúfélög eiga lítið erindi í þarfa umræðu um líkamlegt sjálfræði kvenna. Þetta ætti svo sem ekki að koma neinum á óvart, enda hafa boðberar fagnaðarerindis af öllum gerðum gert tilkall til yfirráða yfir æxlunarfærum kvenna í gegnum aldirnar. Á sama tíma er gleðilegt að sjá þau jákvæðu viðbrögð sem frumvarpið fær frá þeim sem löngun hafa haft til að kynna sér málið af yfirvegun.

Umræðan um þungunarrof verður aldrei einföld. Því sem betur fer eru skiptar skoðanir um málið. Við erum nefnilega svo lánsöm að búa í lýðræðislegu fjölhyggjusamfélagi þar sem allir eiga rétt á að koma sínum skoðunum á framfæri. En til þess að eiga farsæla umræðu um þungunarrof þurfum við að hafa í huga hver kjarni málsins er í raun og veru.

Í gær voru 84 ár síðan Ísland varð eitt fyrsta landið í heiminum til að lögleiða fóstureyðingar. Erfiður veruleiki fóstureyðinga hefur verið hluti af okkar samfélagi í hartnær öld, og engin breyting mun verða þar á í fyrirsjáanlegri framtíð. Umræðan um fóstureyðingar snýst því um ákveðna grunnþjónustu í okkar samfélagi og hvernig við veitum hana með skilvirkum og skynsamlegum hætti þar sem við virðum sjálfsákvörðunarrétt verðandi mæðra og, umfram allt, treystum dómgreind þeirra. Okkur ber skylda til að veita konum sem finna sig í þeirri átakanlegu stöðu að taka ákvörðun um framhald þungunar bestu mögulegu þjónustu, líkamlega og andlega.

Það frumvarp sem nú er til umræðu byggir greinilega á þessari mikilvægu hugsjón og hún virðist vandlega rökstudd af nýjustu vísindum og þekkingu á þessu sviði. Og um leið ber að hafa í huga að örfá tilfelli á ári koma upp þar sem þungunarrof eftir 22. viku meðgöngu er gert. En með rýmri viðmiðunartíma fá verðandi foreldrar mun betri mynd af stöðu mála og heilsu ófædds barns.

Þungunarrof er vafalaust siðferðilegt álitaefni, en það verður seint talið siðferðilegt vandamál. Sem álitamál á það erindi í upplýsta umræðu um hvenær líf raunverulega kviknar; af hverju sum pör vilja ekki eignast börn sem líklega munu glíma við fötlun, hver réttur ófædds barns er og önnur margslungin siðferðileg álitaefni. Baráttufólk fyrir sjálfsákvörðunarrétti kvenna sem og þau sem eru á öndverðum meiði ættu að vera óhrædd við að ræða þessar mikilvægu spurningar. Það er hér, á vettvangi sálgæslu og stuðnings, sem trúfélög eiga að beita sér, líkt og þau hafa gert svo ágætlega í aldanna rás.

Í komandi umræðu um þungunarrof munum við fylgjast með þeim sem sjá pólitísk sóknarfæri í fordæmingunni. Þau munu lítið hjálpa við að afmá þá skömm sem margir upplifa við þungunarrof og munu gera lítið úr þeim félagslegu aðstæðum sem oft og tíðum búa að baki ákvörðuninni. Þau sem raunverulega hafa áhuga á að hjálpa til munu yfirgefa skotgrafirnar, viðurkenna sjálfsákvörðunarrétt kvenna og stuðla að upplýstri ákvarðanatöku.

**Þungunarrof er vafalaust siðferðilegt álitaefni, en það verður seint talið siðferðilegt vandamál.**




SUNSTAR G·U·M HEALTHY GUMS. HEALTHY LIFE.

Tannlæknar mæla með GUM tannvörum

Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?

Fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum

ARTASAN

www.artasan.is


## Halldór




## Frá degi til dags

**Blótað hjá blaðamönnum**

**Þorrablót Miðflokksins verður haldið á föstudagskvöld í sal Blaðamannafélagsins, af öllum stöðum enda vandfundinn félagsskapur sem er jafn gefinn fyrir upplýsingaleka hvers konar. Blótsgestum er því vissara að gæta tungu sinnar þar sem ekki er útilokað að salurinn sé vel búinn upptökutækjum. Matseðillinn er eðli málsins samkvæmt ákaflega þjóðlegur og gæti allt eins verið sérhannaður af flokksformanninum, Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, en á borðum verða meðal annars súrir lundabaggar, hrútspungar, sviðasulta, hvalur, sviðakjammar, hangikjöt, blóðmör og lifrarpylsa, sviðasulta, hákarl, harðfiskur og rófustappa. Allar helstu kræsingar íslenska kúrsins. Namminamm!**

**Mountain Dew í vasapela?**

**Kaffi er eini drykkurinn á matseðlinum enda Miðflokksfólk undir smásjá þegar áfengi er annars vegar og heillavænlegt að takmarka framboð á öllu slíku. Sérstök athygli er vakin á því að „drykkir eru ekki seldir á staðnum" og gestum bent á „að koma með sína eigin drykki". Hvort gestir treysti sér til þess að sporðrenna hákarli án þess að íslenskt brennivín fylgi með mun því væntanlega ráða mestu um innihald vasapelanna. Verði skynsemin látin ráða er upplagt að fylla á með Mountain Dew, eftirlætisgosdrykk formannsins.**

**thorarinn@frettabladid.is**

# Staða vestnorrænu ríkjanna í breyttum heimi



Guðjóns S. Brjánsson
alþingismaður

Mikið umrót hefur einkennt stöðuna í alþjóðamálum á undanförnum árum. Við förum ekki varhluta af því hér á okkar norðlægu slóðum, hvort sem litið er til sviptivinda í alþjóðastjórnmálum eða afleiðinga hnattrænnar hlýnunar.

Við þurfum að vera vakandi fyrir þessum breytingum og leggja okkur fram við að skilja þær og geta brugðist við þeim.

Í þessari viku gefst okkur kærkomið tækifæri til þess að kryfja þessi mál til mergjar á þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins sem að þessu sinni fer fram á suðvesturhorni Íslands.

**Margt sem sameinar**

Vestnorræna ráðið er samstarfsráð þjóðþinga Íslands, Færeyja og Grænlands. Það kemur saman tvisvar á ári, um þetta leyti til þemaráðstefnu og til ársfundar í haustbyrjun. Samstarfið er okkur öllum mjög mikilvægt. Margt er það sem sameinar okkur en ýmislegt er líka ólíkt milli landanna.

Á morgun, miðvikudag, boðar Vestnorræna ráðið, ásamt samstarfsaðilum, til þemaráðstefnu í Norræna húsinu þar sem allir eru velkomnir. Þar ætlum við að ræða stöðu vestnorrænu ríkjanna í breyttum heimi alþjóðastjórnmála. Á ráðstefnunni koma saman helstu sérfræðingar á svæðinu og velta umræðuefninu fyrir sér. Dagskrá og frekari upplýsingar má finna á vefsíðu Vestnorræna ráðsins, vestnordisk.is.

**Upptaktur frekari umræðna**

Við búumst ekki við neinni lokaniðurstöðu á morgun, miklu heldur að ráðstefnan verði upptaktur frekari umræðna í samfélögum okkar. Fyrir okkur Íslendinga er mikilvægt að þekkja til sjónarmiða nágranna okkar og vina á vestnorræna svæðinu og átta okkur á því hvernig við saman getum eflt samstarfið og styrkt stöðu ríkjanna þriggja í breyttum heimi.

**Fyrir okkur Íslendinga er mikilvægt að þekkja til sjónarmiða nágranna okkar og vina á vestnorræna svæðinu.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Höfuðborg fyrir tölvupóst – Opið bréf til borgarstjóra Reykjavíkur



Kári Stefánsson
forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

Ágæti Dagur, ég á góðan vin sem heldur því fram að Göbbels hafi endurholdgast sem hross í Skagafirði með ropvanda. Ropið er auðvitað fyrst og fremst hljóð en það á rætur sínar í lofti sem er þrýst upp í gegnum barkann. Þess ber að geta að þetta loft er sjaldnast eitrað og því marki sem sú lofttegund var sem Göbbels og félagar hans notuðu til þess að fremja glæpi á saklausu fólki. Roparinn gjöreyðileggur hins vegar andann í öllum hesthúsum sem hann kemur í.

Þetta er bara eitt dæmi um það hvernig hin ýmsu vandamál hafa tilhneigingu til þess að skjóta upp kollinum í breyttri mynd og á öðrum stað. Göbbels blaðraði út í eitt til þess að hræða og hrekkja. Hrossið ropaði jafnt nótt sem nýtan dag og ég held því fram að það hafi gert það í þeim tilgangi að hrekkja. Ég er nefnilega einn af þeim sem hafa reynt hross að einbeittum brotavilja, þau hafa hent mér yfir girðingar og ofan á hraungrýti í þeim velskilgreinda tilgangi að lækka í mér rostann. Það er sem sagt íslenska hestinum að þakka að ég er allra manna hógværastur.

Það vandamál sem skaut upp kollinum hér í henni Reykjavík fyrir skömmu minnir óhjákvæmilega á svipað vandamál sem var á ábyrgð herramanns sem heitir Oliver North og vann fyrir Ronald Reagan, leikara frá Kaliforníu, sem varð forseti Bandaríkjanna í raun og veru þótt hann hafi sjálfur alltaf staðið í þeirri trú að hann væri bara að leika forsetann. Oliver var háttsettur í hernum og vann hin ýmsu myrkraverk fyrir Reagan en það frægasta var þegar hann seldi Írönum vopn þrátt fyrir að Bandaríkjaþing hefði lagt blátt bann við því, og notaði tekjur af sölunni til þess að fjármagna uppreisn gegn sósíalískri ríkisstjórn í Níkaragva. Þegar þetta komst upp var Oliver staðinn að því að mata pappírstætara á öllum gögnum sem lutu að málinu. Þetta varð til þess að í áratug á eftir voru litlir pappírstætarar út um heim allan kallaðir Olli en þeir stóru Oliver North.

Nú skaut sams konar vandamál upp kollinum á skrifstofu þinni þegar þú lést eyða tölvupóstum sem gengu milli þín og Hrólfs sem var yfirmaður eignasýslu borgarinnar. Þetta er sami Hrólfur og hefur lýst því yfir að hann beri ábyrgð á braggasukkinu við Nauthólsvík. Það var engin tilviljun sem réði því hvaða tölvupóstum var eytt, það var ekki bara einhver sem af slysni ýtti á takka, vegna þess að sömu póstum var eytt af eftirritunardiskum. Það var greinilega einbeittur vilji að baki eyðingu póstanna.

> **Þessir póstar sitja að öllum líkindum enn á harða drifinu á tölvunni þinni og þarf ekkert meira til en nokkra klukkutíma fagmanna til þess að ná í þá. Það væri ekki bara skynsamlegt heldur sjálfsagt að þú létir sækja tölvupóstana þannig að borgarbúar sjái að það sé ekkert óhreint í því pokahorni.**

Sú skýring sem þú veittir upphaflega á því að póstunum hafi verið eytt var sú að Hrólfur ynni ekki lengur hjá borginni. Þetta mátti sem sagt skilja sem svo að þér þætti það ósköp eðlilegt að þegar menn í opinberum störfum hyrfu frá þeim væri tölvupóstum sem lúta að vinnu þeirra eytt. Mér skilst að þetta stangist jafnvel á við lög og gerir það í það minnsta við heilbrigða skynsemi og er aldeilis fáránlegt af stjórnmálamanni að láta herma upp á sig þvílíkt axarskaft. Það er nefnilega næsta víst að það gæti ekkert það verið í tölvupóstunum eyddu sem væri verra fyrir þig en að vera staðinn að því að eyða þeim.

Þegar einhverjir fóru að efast um að póstunum hefði verið eytt staðfesti innri endurskoðun borgarinnar að þeim hefði svo sannarlega verið eytt, en bættu því við að þótt þeim hefði verið eytt þyrfti það alls ekki að hafa verið af annarlegum hvötum. Þar sýndi innri endurskoðun borgarinnar að hún hefur snöggtum meira ímyndunarafl en ég. Þótt líf mitt lægi við gæti ég ekki nefnt aðra þá ástæðu fyrir því að eyða svona póstum en þá sem hlyti að teljast annarleg.

Svo er auðvitað hitt að þegar þú gafst skýringu á því hvers vegna póstunum var eytt er ekki ólíklegt að menn hafi misskilið þig. Það er nefnilega oft á tíðum engu auðveldara að finna meiningu í því sem þú segir en í ropanum úr endurholguðu skepnunni norður í Skagafirði. Kannski varst þú að biðjast afsökunar á ódæðinu og tjá vilja þinn til þess að bæta fyrir það. Ef það reynist rétt er enginn vandi að laga þetta. Þessir póstar sitja að öllum líkindum enn á harða drifinu á tölvunni þinni og þarf ekkert meira til en nokkra klukkutíma fagmanna til þess að ná í þá. Það væri ekki bara skynsamlegt heldur sjálfsagt að þú létir sækja tölvupóstana þannig að borgarbúar sjái að það sé ekkert óhreint í því pokahorni. Ef þú gerir það ekki ertu í raun réttri búinn að játa glæpinn og segja okkur að í póstunum hafi verið eitthvað nokkuð það sem þoli ekki dagsins ljós og sé svo mikilvægt að fela að þú sért reiðubúinn að fórna til þess borgarstjóraembættinu.

Það er hins vegar engin ástæða fyrir þig til þess að örvænta vegna þess að Oliver North er búinn að sanna að það er líf eftir gagnaeyðingu. Hann var um daginn kosinn forseti NRA (National Rifle Association) sem eru samtök sem berjast fyrir því að Bandaríkjamenn megi allir eiga þau tæki sem reynast þeim svo vel við að drepa hver annan.

# Afsakið ruglinginn



Þórlindur Kjartansson

Í pistli mínum í Fréttablaðinu síðastliðinn föstudag fór ég helst til glannalega (og rangt) með stórskemmtilega frásögn úr stórvirkinu Saga daganna eftir dr. Árna Björnsson. Í gær birtist í blaðinu athugasemd frá höfundi þar sem hann átelur mig fyrir þessi mistök og skýrir frá hinu rétta í málinu.

Ég bið Árna Björnsson velvirðingar á að hafa ranghermt úr bókinni hluta frásagnarinnar. Sömuleiðis vona ég að ekki falli blettur á nafn síra Jóns Halldórssonar þótt ég hafi reynt að vera fyndinn á hans kostnað í skrifum mínum. Sagnfræðingar framtíðarinnar hafa vonandi vit á því að taka pistlaskrifum mínum almennt með miklum fyrirvara, en leggja trúnað sinn frekar við vandaða fræðimenn á borð við Árna.

> **Ég bið Árna Björnsson velvirðingar á að hafa ranghermt úr bókinni hluta frásagnarinnar.**

Dr. Árna Björnssyni þakka ég fyrir leiðréttinguna—og einnig fyrir ævistarf sitt sem hefur verið mér óþrjótandi uppspretta skemmtunar og fræðslu í gegnum tíðina. Ég skal vanda mig betur næst.





brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Ford
ford.is

# Rær öllum árum í átt til Tókýó

Kári Gunnarsson freistar þess að verða fyrsti íslenski badmintonspilarinn til þess að taka þátt í Ólympíuleikunum þegar leikarnir verða haldnir í Tókýó árið 2020 síðan Ragna Ingólfsdóttir gerði það árið 2012.


Kári Gunnarsson er staddur á Íslandi þessa dagana en hann lék á Reykjavíkurleikunum um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**BADMINTON** Til þess að ætlunarverk hans, að komast á Ólympuleikana, takist þarf hann að vera í einu af 80 efstu sætunum á heimslistanum í maí á næsta ári. Þá er Kári með sem markmið að komast inn á heimsmeistaramótið sem haldið verður í ágúst síðar á þessu ári, en til þess þarf hann að vera á meðal 110 efstu á heimslistanum í maí á þessu ári. Kári ætlar svo að fara á Evrópuleikana sem verða haldnir í annað skipti í júní í sumar í Hvíta-Rússlandi. Eins og staðan er núna er nánast öruggt að hann verði á meðal þátttakenda á því móti.

„Ég hef sett stefnuna á að fara á Ólympíuleikana árið 2020 og það eru haldin mót sem gefa stig til þess að hækka á heimslistanum og er undankeppni Ólympíuleikanna á tímabilinu frá maí á þessu ári fram í maí á næsta ári. Það er svo staða á heimslistanum í maí á næsta ári sem ákvarðar það hvort ég kemst á leikana eður ei,“ sagði Kári í samtali við Fréttablaðið um komandi misseri.

Eftir að hafa verið í námi síðustu ár einblínir Kári nú alfarið á badmintonleikinn og æfir og keppir sem atvinnumaður í greininni í Madrid á Spáni þar sem hann æfir með spænska landsliðsmanninum Pablo Abian sem er í kringum 40. sæti á heimslistanum. Þegar Kári setti sér það markmið að komast á Ólympíuleika var hann í 1.000. sæti á heimslistanum, en hefur síðan þá klifrað upp í 170. sæti og þarf að klifra upp um um það bil 90 sæti í viðbót til þess að ná markmiði sínu. Það er um það bil ár síðan hann ákvað að taka badmintonið fastari tökum og setti sér það markmið að komast á Ólympíuleikana.

Til þess að það takist þarf Kári að vera iðinn við að keppa á mótum á þessu ári og því næsta, en hann mun keppa á um það bil 25 mótum um allan heim næsta eina og hálfa árið.

> Ég hef sett stefnuna á að fara á Ólympíuleikana árið 2020. Það er vissulega mikil vinna fram undan en markmiðið er aftur á móti vel raunhæft.
>
> Kári Gunnarsson

„Þetta er vissulega mikil vinna að koma sér upp heimslistann, en markmiðið er aftur á móti vel raunhæft. Ég æfi með spilurum sem eru á topp 100 og á góðum degi vinn ég besta spilarann í hópnum sem er í 40. sæti á heimslistanum. Ég æfi 5-6 tíma á dag og er stöðugt að bæta mig. Ég er að gera alla réttu hlutina og mér finnst eðlilegt að stefna á það að vera í 80. sæti á listanum eftir rúmt ár,“ segir Kári.

Kári er fæddur og uppalinn í Danmörku þar sem mikil hefð er fyrir badminton og landið hefur alið af sér afar sterka badmintonspilara. Nýverið flutti hann til Spánar, en þar er hann að elta ástina og ekki skemmir fyrir að hann getur æft við góðar aðstæður með góðum badmintonspilurum.

„Það er þægileg tilfinning að vera kominn á þann stað að vera með þátttökurétt á þeim mótum sem veita stig og eru í undankeppni Ólympíuleikanna og heimsmeistaramótsins og að vera búinn að klífa metorðastigann á það svæði sem mér finnst ég eiga heima á. Það að þurfa ekki lengur að spila mig inn á þessi mót er gott fyrsta skref.

Ég hef aldrei lagt jafn mikla vinnu og varið jafn miklum tíma í badmintonið og ég finn fyrir því að ég er búinn að bæta mig töluvert undanfarið. Ég hugsa mikið um andlega þáttinn og hef núna tíma til þess að leikgreina minn leik með því að skoða leiki mína, læra af mistökum mínum og skoða hvernig ég get gert betur. Mér finnst vopnabúrið mitt fjölbreyttara núna en það var áður og það kannski vantar helst stöðugleika í leikjum mínum gegn sterkum andstæðingum,“ segir hann um stöðu sína á þessari stundu.

„Það er mér mikil hvatning að fara á mótið fyrir Íslands hönd, en það voru átta einstaklingar sem kepptu fyrir þjóðina á síðustu sumarólympíuleikum. Það fyllir mig alltaf miklu stolti að keppa með merki Íslands á bakinu og að sjá íslenska fánann meðan ég keppi. Ég vona innilega að ég bætist í þann flotta flokk afreksíþróttafólks sem fer til Tókýó,“ sagði hann um framhaldið.

hjorvaro@frettabladid.is

## Barátta um sæti í úrslitakeppni

**HANDBOLTI** Þrír leikir fara fram í 14. umferð Olísdeildar kvenna í handbolta í kvöld.

Valur, sem er á toppnum með 21 stig, sækir HK heim. HK er í næstneðsta sætinu með sjö stig og er þremur stigum á undan Selfossi sem vermir botnsætið. Fram, sem er í eltingaleik við Val um toppsætið og er í öðru sæti með 19 stig, fær KA/Þór í heimsókn.

KA/Þór hefur 13 stig í fimmta sæti, en Haukar sem leika við Stjörnuna eru í fjórða sæti með 16 stig. Efstu fjögur liðin fara í úrslitakeppnina í vor. Stjarnan sem er með níu stig í sjötta sæti freistar þess að fjarlægjast fallbaráttu deildarinnar. **– hó**


Berglind Björg í leik með Breiðabliki.

## Berglind orðin leikmaður PSV

**FÓTBOLTI** Berglind Björg Þorvaldsdóttir, landsliðskona í knattspyrnu, samþykkti í gær að ganga til liðs við PSV Eindhoven í Hollandi, en hún mun leika þar út þetta keppnistímabil á láni frá Blikum.

Hún hyggst leika þar fram í maí seinna á þessu ári og snúa svo aftur í Breiðablik áður en tímabilið hefst hér heima og stefnir á að vera komin aftur í Kópavoginn fyrir fyrsta leik í Pepsi-deildinni.

Hún verður annar íslenski leikmaðurinn í hópnum á eftir Önnu Björk Kristjánsdóttur sem samdi við hollenska félagið á dögunum. Hin 27 ára gamla Berglind var markahæst í Pepsi-deildinni á síðasta ári þegar Blikar urðu Íslands- og bikarmeistarar. **– kpt**




Glæsilegur og vel útbúinn pallbíll með 3.0 lítra, 258 hestafla, V6 dísilvél, 580 Nm togi, sjálfvirkum vélarhitara, bakkmyndavél, fjarlægðarskynjara að framan og aftan, regn- og birtuskynjara, Xenon/led aðalljósum og 18" álfelgum.
**Volkswagen Amarok**
verð frá **8.290.000 kr.**

Hannaður með þarfir iðnaðarmanna að leiðarljósi og með átta þrepa sjálfskiptingu fyrir allar útgáfur. Fjöldi útfærslna á hleðslurými, farþegarými og aðstoðarkerfi.
**Volkswagen Crafter**
verð frá **6.270.000 kr.**

Einn vinsælasti atvinnubíll á Íslandi undanfarin ár. Áreiðanlegur, öruggur og fæst í tveimur lengdum, fjórhjóladrifinn og í fjölda útfærslna.
**Volkswagen Caddy**
verð frá **2.720.000 kr.**

Transporter hefur fylgt kynslóðum af fólki sem hefur þurft á traustum og áreiðanlegum vinnuþjarki. Fullkomin stöðugleikastýring, spólvörn og sjö þrepa sjálfskipting.
**Volkswagen Transporter**
verð frá **4.390.000 kr.**

**Atvinnubílar**

www.volkswagen.is
**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ




# Skjót leið

www.meiraprof.is

## til starfsmenntunar

## Skapaðu þér þitt eigið góðæri



NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 ( ET-HÚSINU ) - 104 REYKJAVÍK - SÍMAR: 588 4500 - 822 4502 www.meiraprof.is - rektorinn@gmail.com

ABBEY ROAD // DESIGN

ÞETTA GERÐIST 29. JANÚAR 1961

## Körfuknattleikssambandið stofnað

Þennan dag árið 1961, eða fyrir 58 árum, var Körfuknattleikssamband Íslands (KKÍ) stofnað. Fyrsti formaður sambandsins var Bogi Þorsteinsson og gegndi hann því hlutverki til 1969.

Stofnaðilar sambandsins voru Körfuknattleiksráð Reykjavíkur og Íþróttabandalög Suðurnesja, Hafnarfjarðar, Keflavíkur, Akureyrar og Vestmannaeyja. Ekki voru allir sem tóku vel í stofnun KKÍ en önnur sambönd, til að mynda Handknattleikssamband Íslands, óttuðust að missa spón úr aski sínum við það.

Frá stofnun hafa formenn KKÍ verið fjórtán talsins, þrettán karlar og ein kona. Núverandi formaður, Hannes Sigurbjörn Jónsson, hefur verið formaður síðan 2006 og er þaulsætnasti formaður KKÍ frá upphafi.




---



†

Okkar ástkæra

**Alfa Guðmundsdóttir**

verður jarðsungin frá Seljakirkju fimmtudaginn 31. janúar kl. 15.00.

**Ágúst Ormsson Ingibjörg Kristinsdóttir**
**Jórunn Elídóttir**
**og fjölskyldur.**

---



†

Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Þóra C. Óskarsdóttir**

bókasafnsfræðingur,
Sæbraut 8, Seltjarnarnesi,

lést á Landspítalanum Fossvogi laugardaginn 26. janúar.

**Ari Ólafsson**
**Magnús Arason Áslaug Jónsdóttir**
**Ragnheiður Aradóttir Kári Steinar Karlsson**
**Óskar Ólafur Arason Ingibjörg S. Sigurðardóttir**
**barnabörn.**

---



†

Elsku faðir minn og afi,

**Bergþór Magnússon**

lést að morgni 23. janúar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útför fer fram þriðjudaginn 5. febrúar kl. 15.00 frá Fossvogskirkju. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð.

**Bergþór Helgi Bergþórsson**
**Bergsteinn Bergþórsson**
**Vilborg Helga Bergþórsdóttir**
**Elísabet Jenný Bergþórsdóttir**

---

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

---




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
**Vesturhlíð 9**, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Gunnlaugur Búi Sveinsson**

fyrrverandi slökkviliðsmaður,

lést á heimili sínu 23. janúar. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 5. febrúar. kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Oddfellowregluna á Akureyri.

**Signa H. Hallsdóttir**
**Ólafur Búi Gunnlaugsson Agnes Jónsdóttir**
**Halla S. Gunnlaugsdóttir Haukur Harðarson**
**Helga H. Gunnlaugsdóttir Stefán Birgisson**
**afa- og langafabörn.**

---



†

Yndisleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Ingveldur Teitsdóttir**

Fagraþingi 6, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 17. janúar. Útförin fer fram frá Lindakirkju miðvikudaginn 30. janúar klukkan 13. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Gunnar Torfason**
**Ástbjörg Ýr Gunnarsdóttir Jónas Karl Þorvaldsson**
**Gunnar Ingi Gunnarsson**
**Teitur Gunnarsson Jana Kristín Alexandersdóttir**
**Birta Líf, Gunnar Aron, Tinna Líf,**
**Arnar Breki, Tara Dögg og Róbert Ingi**

---



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

**Steinunn Guðjónsdóttir**

Hafbliki, Grenivík,

sem lést sunnudaginn 20. janúar, verður jarðsungin frá Grenivíkurkirkju fimmtudaginn 31. janúar klukkan 14.00.

**Margrét Rós Jóhannesdóttir**
**Guðjón Aðalbjörn Jóhannsson Elísabet Ragnarsdóttir**
**Aðalheiður Jóhannsdóttir Birgir Pétursson**
**Björgólfur Jóhannsson Málfríður Pálsdóttir**
**Sigríður Jóhannsdóttir Valur Friðvinsson**
**Oddný Jóhannsdóttir Arnþór Pétursson**
**Kristrún Aðalbjörg Guðjónsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristjana Magnea Jónatansdóttir**

Vallargötu 6, Súðavík,

lést fimmtudaginn 24. janúar 2019. Útför hennar fer fram frá Súðavíkurkirkju laugardaginn 2. febrúar kl. 11.00.

**Halla Valdís Friðbertsdóttir Árni Marinósson**
**Hinrik Halldór Friðbertsson Guðmunda Norðfjörð**
**Ingibjörg Jóna Friðbertsdóttir Árni Zophoniasson**
**Ægir Páll Friðbertsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**Matthías Kjeld**

læknir,
Dalsbyggð 19,

varð bráðkvaddur á Landspítalanum þann 16. janúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju í dag, 29. janúar, kl. 13.00.

**Marcella Iñiguez**
**Matthías Kjeld**
**Alfreð Kjeld**
**Alexandra Kjeld Sveinn Ingi Reynisson**
**Símon Reynir Sveinsson**

---



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Úlfar Garðar Randversson**

fyrrverandi vörubílstjóri
í Hafnarfirði,

lést þriðjudaginn 22. janúar á Hrafnistu í Hafnarfirði. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 1. febrúar klukkan 13.00.

**Þórir Úlfarsson Sigríður Einarsdóttir**
**Guðlaugur Jón Úlfarsson María Pálsdóttir**
**Gyða Úlfarsdóttir Erlingur Kristensson**
**Jóna Sigríður Úlfarsdóttir**

---



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Bjarnheiður Björnsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Hlévangi, Reykjanesbæ, 15. janúar sl. Útförin verður gerð frá Kálfatjarnarkirkju föstudaginn 1. febrúar kl. 13.00.

**Lilja Eyþórsdóttir Einar J. Þorgeirsson**
**Sigmundur Eyþórsson Hafrún Jónsdóttir**
**Bjarni Thor Kristinsson Lilja Guðmundsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Júlíus Sigurðsson**

fv. skipstjóri,
Hraunvangi 3, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum 24. janúar. Jarðsett verður fimmtudaginn 31. janúar kl. 15.00 frá Hafnarfjarðarkirkju.

**Ásta S. Magnúsdóttir**
**Guðrún Júlíusdóttir Finnur Sigurðsson**
**Geir Sigurðsson**
**Magnús Már Júlíusson Hildur Sigurbjörnsdóttir**
**Ólöf Helga Júlíusdóttir Bergmundur Elli Sigurðsson**
**Hafrún Dóra Júlíusdóttir Þórður Sverrisson**
**og afabörnin.**

Fólk
Lífsstíll
ÞRIÐJUDAGUR 29. JANÚAR 2019



Þeir sem þurfa að taka með sér nesti í vinnu eða skóla eru oft í vandræðum með hugmyndir. Við fundum nokkrar góðar til að setja í nestispakkann.

4



Þeim fækkar snarlega bókhaldsmöppunum þegar allt verður rafrænt. Hér má sjá bókhaldsskápa hjá Svar en þar hefur möppunum stórlega fækkað. Rúnar er hér fyrir miðju ásamt samstarfsmönnum sínum. Frá vinstri eru Ólafur Ari Jónsson, Rúnar Sigurðsson, Óskar Tómasson. MYND/STEFÁN

# Enginn pappír í rafrænu bókhaldi

**Svar býður upp á nútíma bókhaldskerfi frá Uniconta. Þetta er fyrsta pappírslausa bókhaldskerfið á Íslandi sem býður upp á fjölmargar lausnir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Umhverfisvænt kerfi og þægilegt að vinna með fyrir alla.**

Rúnar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Svar, segir að bókhald fyrirtækja sé alltaf að færast meira inn í hinn rafræna heim í gegnum skýjalausnir. „Lausnir okkar eru rafrænar og sjálfvirkar. Enginn pappír því fylgiskjöl og reikningar berast rafrænt og sjálfkrafa inn í bókhaldið auk allra samskipta við bankana. Margir hafa beðið eftir pappírslausum viðskiptum í mörg ár og nú er það loksins orðið að veruleika," segir hann. Uniconta er eitt fullkomnasta en jafnframt einfaldasta og hagkvæmasta bókhaldskerfi í heimi að mati Rúnars.

Rúnar segir að Svar hafi upphaflega verið síma- og fjarskiptafyrirtæki. Með breyttum heimi og miklum tækniframförum hafi það fært sig einnig yfir í bókhaldskerfi og

**Framhald á síðu 2**

100% HREINT
KOLLAGEN
FYRIR ANDLITIÐ


Fæst í apótekum, heilsubúðum og
www.heilsanheim.is



Rúnar segir að Uniconta sé ekki einvörðungu umhverfisvænt heldur einnig stórkostlega fulllkomið kerfi. Viðskiptavinir hafa verið ánægðir. MYND/STEFÁN

Framhald af forsíðu

sérlausnir. „Við byggjum á 37 ára grunni,“ segir Rúnar sem stofnaði Tæknival og BT og rak til fjölda ára. „Nútíma bókhaldskerfi spara fyrirtækjum mikla fjármuni og vinnu. Til að lýsa kerfinu á einfaldan hátt má segja að þegar reikningur eða fylgiskjal kemur inn í bókhaldið sem pdf- eða XML-skjal sendum við það í skönnun og þá fer það inn í bókhaldið sem OCR -textaskjal og tilbúið til bókunar,“ útskýrir Rúnar. „Kerfið lærir hvernig fyrirtækið bókar á bókhaldslykla. Eftir að aðsendur reikningur er kominn einu sinni veit kerfið hvernig á að útfæra hann í næsta skiptið. Þetta er í grunninn fjárhagsbókhaldskerfi en ofan á það bætast meðal annars viðskipta- og lánardrottnakerfi, birgða-, framleiðslu- og verkbókhald.

Ein af lausnunum sem Svar er með er Intempus, tímaskráningarkerfi og er samþáttað Uniconta. Það hefur nýst mjög vel til dæmis meðal iðnaðarmanna sem hafa tekið því fagnandi. Einnig tamigo, lausn þar sem hægt er að útbúa vaktafyrirkomulag á einfaldan hátt og hentar því mjög vel þar sem þarf að raða fólki á vaktir. Starfsmennirnir geta síðan fylgst með vöktum sínum í gegnum app. Hægt er að bæta við kerfið ýmsum lausnum eftir því sem hentar viðkomandi fyrirtæki. Einnig er hægt að fá stimpilklukku tengda kerfinu,“ útskýrir Rúnar enn fremur. „Bókhaldið er meira og minna sjálfvirkt og einfaldar því alla vinnu. Uppgjör og áætlun er líka hægt að tengja Uniconta og er það kerfið Toolpack365 sem byggir á viðskiptagreind og birtir uppgjör og samanburð við áætlun.“

> **Með þessu kerfi er verið að gera bókhaldið eins sjálfvirkt og mögulegt er til að létta starf bókarans og breyta því. Þegar kerfið er komið í gagnið losnar fyrirtækið við allar póstsendingar.**

Viðskiptavinir hjá Svar fá kennslu á bókhaldskerfið og alla þjónustu sem þarf í kringum það. „Þetta er afar einfalt kerfi sem allir geta lært á og eitt það fullkomnasta sem völ er á. Með þessu kerfi er verið að gera bókhaldið eins sjálfvirkt og mögulegt er til að létta starf bókarans og breyta því. Þegar kerfið er komið í gagnið losnar fyrirtækið við allar póstsendingar því allt fer rafrænt frá því. Það hafa orðið gríðarlegar framfarir á þessu sviði og miklar breytingar sem hafa átt sér stað á stuttum tíma. Uniconta er orðið leiðandi fyrirtæki á sínu sviði og það má nefna að í Danmörku eru yfir sjö þúsund fyrirtæki sem nota það. Þau eru orðin nokkur hundruð hér á landi,“ segir Rúnar en það var Daninn Erik Damgaard sem hannaði Uniconta. Erik er jafnframt hönnuður Concorde XAL og Dynamics AX og er mjög þekktur í bókhalds og viðskiptaheiminum. Uniconta tengist við launakerfi og afgreiðslukerfi fyrir verslanir og veitingastaði, einnig er hægt að tengja það vefverslun, Unishop. Núna er kerfið notað í 25 löndum víðs vegar um heiminn. Greitt er mánaðargjald fyrir notkun og allt







Möguleikarnir með Uniconta eru ótrúlega margir. Kerfið einfaldar fyrirtækjum alla bókhaldsgerð og margt annað.

innifalið í því, hýsing, uppfærslur og allt að klukkutíma þjónusta á mánuði frá Svar.

Ráðgjafar hjá Svar aðstoða fólk við að setja saman bestu lausnirnar en Uniconta er með fjölda viðbótarlausna sem tengjast innbyrðis og spara mikla vinnu. „Ég tel okkur vera þá einu á landinu sem getum boðið svona margar samþættar lausnir,“ segir Rúnar. „Þetta er eina kerfið sem er í skýjalausn og það eina sem er fullkomlega rafrænt og án pappírs. Uniconta er umhverfisvænt, hraðvirkt og þægilegt kerfi,“ segir Rúnar. „Viðskiptavinir okkar hafa verið mjög ánægðir með þetta kerfi og við höfum fengið sterk viðbrögð frá þeim. Bókhaldsmöppur heyra sögunni til þegar fyrirtækið er komið með rafrænt kerfi.“

Til að fá nánari upplýsingar um kerfið er hægt að skoða heimasíðuna svar.is eða hringja í síma 510 6000.

# SPORT 24
Íþróttavöruverslun




## 25-50% afsláttur

**Opið 11-18 virka daga - laugardaga 11-16**

**Sundaborg 1** Sími 553 0700

Opnunartími
11-18

NÆG BÍLASTÆÐI VIÐ VERSLUN

Fylgdu okkur á facebook

# Einfalt í nestispakkann

**Þar sem ekki er mötuneyti á vinnustað getur það stundum verið höfuðverkur að muna eftir góðu nesti. Enginn nennir að lifa á samlokum úr búðinni endalaust. Hér koma nokkrar hugmyndir að hádegisverði sem einfalt er að útbúa og taka með sér í vinnu eða skóla.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Pitsusnúðar eru vinsælir bæði hjá börnum og fullorðnum.

Allt eru þetta léttir réttir sem henta bæði vinnandi fólki eða skólabörnum. Réttunum er hægt að breyta að vild.

## Beygla með eggjahræru

Nýjar beyglur eru mikið lostæti. Ein beygla með góðu áleggi getur verið ágætis hádegisverður í vinnunni. Hægt er að útbúa hana heima og taka með sér í góðu boxi.

Uppskriftin miðast við tvo.

**2 beyglur**
**2 egg**
**2 msk. vatn**
**2 msk. smjör**
**4 salatblöð**
**1 lárpera**
**4 sneiðar kalkúna- eða kjúklinga-álegg**
**1 vorlaukur**

Skerið beygluna í miðju. Smyrjið hana með smjöri eða rjómaosti ef einhver vill það frekar. Brjótið egg í litla skál ásamt vatninu og bragðbætið með salti og pipar. Þeytið allt létt saman.

Steikið eggjahræruna með smá smjöri eða olíu. Hrærið og setjið á disk þegar eggin hafa stífnað.

Setjið salatblöð á beyglubotninn. Skerið lárperuna í tvennt og takið steininn úr. Skerið í sneiðar og leggið á salatið. Þá er áleggið sett yfir og loks eggjahræran. Dreifið smátt skornum vorlauk yfir og setjið hinn helminginn af beyglunni yfir. Það er betra að skera lárperuna rétt fyrir notkun.

## Pitsusnúðar í skólann

Pitsusnúðar sem eru fylltir með osti og skinku er ágætis hádegisverður til að taka með sér, hvort sem er í vinnu eða skóla. Það má nota glútenlaust hveiti.

Uppskriftin gefur 14 snúða.

**150 g smjör**
**6 dl mjólk**
**1 pakki þurrger**
**1½ msk. husk trefjar**
**750 g hveiti**
**2 tsk. salt**
**1 msk. sykur**
**1 tsk. lyftiduft**
**Fylling**
**1 flaska pitsusósa**
**1 pakki skinka**
**300 g rifinn ostur**
**1 tsk. pitsukrydd eða ítalskt krydd**
**1 egg til að pensla með**

Bræðið smjör og setjið mjólkina saman við. Hafið blönduna fingurvolga þegar henni er blandað saman við gerið og trefjarnar. Látið standa í 5-10 mínútur.

Blandið hveiti, salti, sykri og lyftidufti í hrærivélarskál. Blandið smjörblöndunni saman við og hnoðið. Breiðið plastfilmu yfir skálina og látið hefast. Deigið á að tvöfaldast.

Fletjið deigið út. Smyrjið pitsusósu á það og dreifið rifnum osti yfir. Skerið skinkuna og raðið á deigið. Kryddið vel yfir. Rúllið því næst deiginu upp eins og rúllutertu. Skerið í 3 cm breiða bita. Leggið á ofnplötu sem er klædd með bökunarpappír. Ýtið bitunum aðeins niður svo þeir verði breiðari og lægri. Látið hefast aftur í 20 mínútur.

Hitið ofninn í 225°C. Penslið snúðana með egginu. Bakið í miðjum ofni í 15 mínútur og kælið á rist. Snúðana má frysta. Hitið aðeins upp áður en þeir eru borðaðir. Hægt er að breyta um álegg eftir því sem fólki finnst best að hafa á pitsum.

## Einfalt pastasalat

Kalt pastasalat er mjög góður hádegisverður. Hægt er að hafa eitt og annað saman við pastað eftir því sem hver og einn vill. Einnig má gera mismunandi



Pastasalat er fínn hádegisverður.



Eggjamúffur er þægilegt að gera.



Beyglur er hægt að útbúa á margan hátt með alls konar góðgæti.

útgáfur. Meðal þess sem setja má saman við pastað er túnfiskur, ostar, tómatar, ólífur, rauðlaukur, agúrka, chili-pipar, kjúklingur eða hvað annað sem fólki dettur í hug. Auk þess er hægt að nota mismunandi pasta. Hér er ein uppskrift sem miðast við fjóra. Fínt til að hafa með sér í vinnuna.

**600 g soðið og kælt penne pasta, skrúfur eða fiðrildi**
**10 sneiðar skinka**
**100 g ostur (einhver uppáhalds)**
**50 g sykurbaunir, soðnar**
**6 msk. góð ólífuolía**
**Tómatar**
**Rauðlaukur**
**Salt og pipar**

Sjóðið pasta eins og leiðbeiningar segja til um. Kælið og setjið ólífuolíu yfir svo það festist ekki saman.

Skerið tómata, rauðlauk, baunir og skinku og setjið saman við. Bragðbætið með salti og pipar. Dreifið smá ólífuolíu yfir.

## Eggjamúffur

Hér er skemmtilegur hádegisverður og hentar vel í nestispakka. Gott er að hafa smá salat með. Maður þarf að eiga múffubökunarform fyrir þennan rétt. Það má breyta uppskriftinni og setja í hana það sem til er í ísskápnum. Sumum finnst gott að hafa beikon eða parmaskinku.

Uppskriftin er miðuð við fjóra.

**6 egg**
**6 msk. mjólk**
**2 vorlaukar**
**150 g skinka**
**50 g sólþurrkaðir tómatar eða steinlausar ólífur**
**150 g rifinn ostur**
**½ tsk. salt**

Hitið ofninn í 180°C. Smyrjið formið að innan með smjöri eða olíu. Setjið múffupappírsform ofan í hólfin á bökunarforminu. Skerið laukinn smátt ásamt skinkunni og sólþurrkuðu tómötunum.

Þeytið egg og mjólk saman. Setjið allt annað saman við og blandið vel. Hellið blöndunni í formin þannig að þau verði næstum því full. Passið að skinkan og annað hráefni fari í öll formin.

Bakið í um það bil 15 mínútur eða þar til eggin hafa stífnað. Kælið aðeins áður en eggjakökurnar eru teknar úr forminu.

VINSÆLU KULDASKÓRNIR MEÐ MANNBRODDUNUM

ERU KOMNIR FYRIR DÖMUR OG HERRA



Tískan
Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is
BASLER MaxMara BRAX

# Vörubílar & vinnuvélar

ÞRIÐJUDAGUR 29. JANÚAR 2019

**Kynningar:** Lykill Kraftur Klettur Landsbankinn Askja



## Lykill leggur áherslu á sveigjanleika

Fjármögnunarfyrirtækið Lykill er til þjónustu reiðubúið að tryggja hagstæða fjármögnun véla og tækja og aðstoða þannig viðskiptavini að ná hámarkshagræðingu í rekstrinum. Starfsmenn leggja áherslu á hraða og góða þjónustu við viðskiptavini sína. →2

„Við hjá Lykli erum til þjónustu reiðubúin að tryggja hagstæða fjármögnun slíkra tækja og aðstoða þannig fjölmarga viðskiptavini okkar við að ná hámarkshagræðingu í rekstri sínum," segir Sverrir Viðar Hauksson, sviðsstjóri viðskiptasviðs Lykils. Hann segir viðskiptavini kunna að meta hversu hratt starfsmenn Lykils bregðast við fyrirspurnum og afgreiða lánafyrirgreiðslur. MYND/ERNIR




Arnar Snær Kárason, Guðmundur Sigurjónsson og Elvar Daði Eiríksson, viðskiptastjórar hjá Lykli. Sitjandi eru Herbert Svavar Arnarson lánastjóri (t.v.) og Sverrir Viðar Hauksson sviðsstjóri. MYND/ERNIR

Þegar kemur að atvinnutækjum er ljóst að fram undan er veruleg endurnýjunarþörf, því miðað við áætlanir stjórnvalda eru horfur á að ráðist verði í verulega innviðauppbyggingu í samgöngukerfinu á næstu árum. Við hjá Lykli erum til þjónustu reiðubúin að tryggja hagstæða fjármögnun slíkra tækja og aðstoða þannig fjölmarga viðskiptavini okkar við að ná hámarkshagræðingu í rekstri sínum,“ segir Sverrir Viðar Hauksson, sviðsstjóri viðskiptasviðs Lykils.

## Fjölbreytt fjármögnun

Það hefur sýnt sig að viðskiptavinir kunna að meta hversu hratt starfsmenn Lykils geta brugðist við fyrirspurnum og afgreitt lánafyrirgreiðslu segir Sverrir. „Við teljum að þar sé okkar meginstyrkur, að vera lítið og sjálfstætt fjármögnunarfyrirtæki með stuttar boðleiðir.“

Einnig skiptir máli að fjölbreytni Lykils í vöruframboði eykur líkurnar á því að hægt sé að finna bestu fjármögnunarleiðina með viðskiptavinum. „Lykill býður t.d. hefðbundna kaupleigu og fjármögnunarleigu auk rekstrarleigu á smærri og stærri tækjum ásamt Flotaleigu fyrir bíla fyrirtækja. Í kaupleigu býður Lykill allt að 90% fjármögnun af kaupverði, hvort heldur er í íslenskum krónum eða erlendri mynt. Í fjármögnunarleigu miðast fjármögnunarhlutfall við allt að 80% af kaupverði tækis. Lengd samningstíma er háð viðkomandi leigumun en algengur samningstími er 36-60 mánuðir. Í Flota- og rekstrarleigu Lykils eru allir bílar og tæki fjármögnuð 100% en algengur leigutími er 12-36 mánuðir.“

> **Við teljum að þar sé okkar meginstyrkur, að vera lítið og sjálfstætt fjármögnunarfyrirtæki með stuttar boðleiðir.**

## Árstíðabundnar sveiflur

Í atvinnurekstri á Íslandi eru gjarnan árstíðabundnar sveiflur, ekki síst í byggingariðnaði, landbúnaði og vegagerð. „Það þýðir auðvitað að tæki getur staðið ónotað svo vikum skiptir og skapar litlar sem engar tekjur á meðan. Þessu mætir Lykill með því að bjóða viðskiptavinum sínum upp á sveigjanlegar afborganir þannig að greiðslur eru hærri þegar nóg er að gera en lægri þegar tekjur lántaka dragast tímabundið saman. Þetta kunna viðskiptavinir okkar vel að meta.“

## Margir góðir kostir

Fjármögnunarleiðir Lykils fyrir fyrirtæki og rekstraraðila eru sex talsins að sögn Sverris. „Flotaleiga eykur öryggi við rekstur bílaflota og stuðlar að lækkun kostnaðar sem vinnst með stærðarhagkvæmni Lykils. Fjármögnunarleiga hentar til fjármögnunar á vélum og tækjum til atvinnurekstrar, en þó best þeim sem vilja nýta sér hraðari gjaldfærslu á leigugreiðslum. Kaupleiga hentar ekki síður til fjármögnunar á vélum og tækjum til atvinnurekstrar þar sem vélar og tæki eru eignfærð í bókhaldinu og samningurinn færður sem skuld á móti.“




Starfsmenn Lykils hafa alla tíð lagt mikla áherslu á gott samstarf við viðskiptavini sína.

Rekstrarleiga á bílum eða atvinnutækjum byggir að sögn Sverris á því að Lykill kaupir ákveðinn leigumun í samráði við leigutaka sem leigir leigumuninn í fyrir fram ákveðinn tíma og hefur fullan umráðarétt yfir honum á leigutímanum. „Leigugreiðslur eru þá gjaldfærðar og haldast óbreyttar út leigutímann. Loks eru svo Lykillán og Lykilsamningar en það eru valkostir þegar kemur að fjármögnun bíla. Hægt er að fá allt að 90% fjármögnun af kaupverði til allt að sjö ára fyrir nýja bíla.“

## Þjónustufyrirtækið Lykill

Félagið byggir á rúmlega 30 ára sögu og samanlögð starfsreynsla ráðgjafahóps Lykils er yfir 60 ár. „Þekking á aðstæðum viðskiptavina, markaðnum og þeim tækjum og búnaði sem við erum að vinna með skiptir öllu máli og auðveldar alla afgreiðslu.“

Sverrir Viðar leggur áherslu á að Lykill sé fjármálafyrirtæki undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins en lítur ekki síður á sig sem þjónustufyrirtæki sem veitir snarpa og úrræðagóða þjónustu til sinna viðskiptavina. „Við tryggjum viðskiptavinum okkar hagstæð kjör til fjármögnunar á bílum og tækjum og veitum ráðgjöf um bæði fjármögnunartíma og samningsform. Hins vegar lítum við svo á að hlutverki okkar sé ekki lokið þótt búið sé að ganga frá samningi í upphafi heldur vinnum við áfram með kúnnum okkar við að ná besta mögulega árangri í rekstrinum,“ segir Sverrir Viðar enn fremur.

Nánari upplýsingar á www.lykill.is

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | Veffang: frettabladid.is




**Invincible 33" breytingapakki að verðmæti 700.000 kr. fylgir**
Hilux er ódrepandi harðjaxl og með 33" breytingu eruð þið ósigrandi saman. Hilux Invincible kemur þér þangað sem þig langar, hvort sem það er leiðangur upp til fjalla, næsti veiðitúr eða bara að komast aðeins út fyrir borgina til að ná andanum. Hilux Invincible aukahlutapakki: 33" breyting, hlíf undir framstuðara, gluggavindhlífar, króm á afturljós og Invincible-merki.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum**

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

7 3+4 ÁBYRGÐ
FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.



Emilía Baldursdóttir á Syðra-Hóli og Blesa að fara að vinna með hestarakstrarvél. Myndin er tekin sumarið 1961.



Allt frá landnámi fram til 1900 breyttust aðferðir við heyskap lítið og nánast allt unnið með handafli. Kjartan Ólafsson, Guðrún Kjartansdóttir og Kristinn Kjartansson við heyskap í Miklagarði í Eyjafjarðarsveit laust fyrir 1940.

# Heyskapur í 100 ár

**Búsaga, búnaðarsögusafn Eyjafjarðar, gefur árlega út veglegt dagatal. Í ár er þemað heyskapur í 100 ár. Saga heyskapar á Íslandi er sögð í máli og fallegum myndum af dráttarvélum, tækjum og fjölbreyttum tólum.**

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is



Búsaga var stofnuð árið 2011 af nokkrum áhugamönnum um íslenska búnaðarsögu. „Ýmsir aðilar höfðu unnið mikið starf í því að safna tækjum og tólum og forða þeim frá skemmdum. Þar fremstur í flokki fór Baldur Steingrímsson, eða Billi, frá Akureyri en hann vann ötullega að söfnun véla og búnaðar í mörg ár,“ segir Sigurður Steingrímsson, formaður Búsögu.

Félagar í Búsögu eru um 100 í dag, bæði karlar og konur. „Þetta er afskaplega skemmtilegur félagsskapur,“ segir Sigurður sem sjálfur fékk áhuga á tækjum og tólum þegar hann ólst upp í sveit.

Meginmarkmið safnsins er að varðveita búsöguna, sér í lagi eftir að tæknin byrjaði að ryðja sér til rúms. Á safninu er því að finna vélar og tæki frá aldamótum 1900 og til dagsins í dag.

Safnið hefur aðstöðu á Saurbæ í Eyjafjarðarsveit og er með afnot af útihúsum en unnið hefur verið að innréttingu þeirra. „Við erum að stilla upp safni og koma því í þannig form að hægt verði að sýna það,“ segir Sigurður en safnið hefur þó verið opið öðru hvoru.

Settar eru upp nokkrar sýningar á ári. „Sú stærsta er á Hrafnagili, þá daga sem Handverkssýningin stendur yfir. Hvert ár er nýtt þema en á síðasta ári var það Heyskapur í 100 ár. Á sýningunni sýndum við þróun heyskapar frá orfi og ljá, fyrstu hestatengdu vélunum og til fyrstu dráttarvélanna og nútímalegra tækja.“

Sigurður segir að það hafi komið á óvart hversu almennur áhugi sé

> **Meginmarkmið safnsins er að varðveita búsöguna, sér í lagi eftir að tæknin byrjaði að ryðja sér til rúms.**

á landbúnaðartækjum. „Sérstaklega hjá fólki sem kynntist þessum gömlu vélum þegar það fór í sveit á árum áður. Það kemur fyrir að fólk sjái aftur dráttarvélina eða tækin sem það vann á í sveit í gamla daga, og þá verða fagnaðarfundir.“

Sigurður vonast til að geta sett upp sýningu um Ferguson dráttarvélarnar í ár, en 2019 eru einmitt 70 ár liðin frá því fyrsta Ferguson vélin kom til landsins. „Ferguson dráttarvélin þótti ákveðið verkfræðilegt afrek og bylting fyrir landbúnaðinn. Með Ferguson kom fyrst fram svokallað þrítengibeisli, sem í grunninn er enn notað í dag.“

Búsaga hefur gefið út dagatal frá árinu 2013 sem fjáröflun og er þemað iðulega það sama og á sýningunni á Hrafnagili. „Í dagatalinu birtum við skemmtilegar myndir en leggjum einnig áherslu á að segja söguna sem er okkur mikilvægt. Viðfangsefni dagatalsins 2019 er heyskapur í 100 ár.“

Þeir sem vilja nálgast dagatalið geta farið á Facebook-síðuna Búsaga eða sent tölvupóst á busaga@simnet.is.



Hestaverkfæri mörkuðu tímamót. Fyrsta hestasláttuvélin og rakstrarvélin komu 1895. Sólveig Benný Jóhannsdóttir í Víðigerði í Eyjafjarðarsveit situr á rakstrarvél.



Birgir Marinósson á Massey Ferguson 135 með heykvísl á ámoksturstækjum og heygreip tengdri á þrítengibeisli. Myndin er tekin í Engihlíð á Árskógsströnd á 7. áratug.



Ford 8N dráttarvél árgerð 1951 kom ný í Fifilgerði í Eyjafjarðarsveit og er ein af 15 vélum af þessari tegund sem fluttar voru til landsins 1949 til 1951. Vélin er í eigu hjónanna Helgu B. Haraldsdóttur og Hjartar Haraldssonar í Víðigerði. Baldur Steingrímsson annaðist uppgerð á vélinni, ásamt Skarphéðni Sigtryggssyni og Hirti.



Fendt 724 240 hestafla dráttarvél ásamt KRONE KWT 11.22/10 heyþyrlu. Vélar í eigu Guðmundar Óskarssonar og Helgu B. Hreinsdóttur á Hríshóli í Eyjafjarðarsveit.



Hér er verið að hlaða í hey í Mývatnssveit eða forðahey eins og það var kallað þar. Sjá má heybagga ofan á heyinu og torfið sem á að fara á heyið er búið að rista.



Hanomag R 12 dráttarvél árgerð 1955 frá Setbergi við Akureyri með KUHN heyþyrlu. Eigandi dráttarvélarinnar er Þröstur Agnarsson, Akureyri.

# Mæta þörfum viðskiptavina


Viðskiptastjórar og útlánasérfræðingar Bíla- og tækjafjármögnunar Landsbankans búa yfir áralangri sérfræðiþekkingu og eru ávallt reiðubúnir til aðstoðar.

**Landsbankinn býður upp á fjölbreyttar leiðir til fjármögnunar á bifreiðum, vinnuvélum og ýmsum tækjabúnaði fyrir einstaklinga og fyrirtæki.**

Við leggjum áherslu á að bjóða framúrskarandi þjónustu þar sem ólíkum þörfum viðskiptavina er mætt. Einstaklingum í atvinnurekstri og fyrirtækjum standa til boða bílalán og bílasamningar en jafnframt að fjármagna tækjakaup á kaupleigusamningi. Fjármögnunarhlutfall getur numið allt að 80% af kaupverði fyrir utan virðisaukaskatt,“ segir Arnbjörn Már Rafnsson, forstöðumaður Bíla- og tækjafjármögnunar Landsbankans. Hann bendir á að fjármögnunarhlutfall ráðist þó oft af eðli búnaðarins og hlutfalli lánstíma af áætluðum líftíma hans. „Viðskiptavinum í rekstri með árstíðabundnum sveiflum stendur því til boða að aðlaga greiðsluflæði samninga að því.“

## Lægri kostnaður á fjármögnun vistvænni bíla

Einstaklingum er boðið upp á allt að 80% fjármögnun á bæði nýjum og notuðum ökutækjum í góðu samstarfi við bílasölur og bílaumboð sem geta sent inn umsókn rafrænt fyrir viðskiptavini sína þegar rétti bíllinn er fundinn. „Algengustu lánsformin til einstaklinga eru bílalán og bílasamningar. Þeir sem hafa rafræn skilríki geta undirritað bílasamninga rafrænt og einnig öll fylgigögn bílalána sem sparar pappírsnotkun mikið frá því sem áður var. Þá býður Landsbankinn upp á lægri lántökugjöld við fjármögnun vistvænna bíla og ekkert lántökugjald er við fjármögnun rafbíla.“

Viðskiptavinir geta óskað eftir því að söluaðilar sendi lánsumsóknir til Landsbankans en einnig er hægt að koma við í Borgartúni 33 í Reykjavík þar sem Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans er til húsa.

„Starfsfólkið okkar býr yfir áralangri sérfræðiþekkingu og er alltaf reiðubúið til að finna réttu fjármögnunarleiðina í samvinnu við viðskiptavini,“ segir Arnbjörn.

> **Þá býður Landsbankinn upp á lægri lántökugjöld við fjármögnun vistvænna bíla og ekkert lántökugjald er við fjármögnun rafbíla.**
>
> Arnbjörn Már Rafnsson


Arnbjörn Már Rafnsson, forstöðumaður Bíla- og tækjafjármögnunar Landsbankans.

Allar upplýsingar um starfsemi og vörur má nálgast á heimasíðu Landsbankans www.landsbankinn.is.



# Þrjár og hálf milljón trukkabílstjóra í vestanhafs

Fjölmennasta einstaka starfsstétt í Bandaríkjunum er trukkabílstjórar. Þar er samt skortur á vinnuafli og hefur ímynd starfsins ekki dregið að nýliða. Hefur þessi vandi staðið undanfarin 15 ár og sér ekki fyrir endann á skortinum.

Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is



Fjölmennasta atvinnugreinin í Bandaríkjunum er akstur flutningabíla og eru trukkabílstjórarnir um 3,5 milljónir talsins að mati American Trucking Association. Á hverju ári þarf 90.000 nýja bílstjóra til að halda í við þörfina og í raun er skortur á trukkabílstjórum í landinu. Þessi skortur kemur bæði niður á neytendum með hærra vöruverði og veldur einnig hærri kostnaði þeirra fyrirtækja sem þurfa að láta flytja vörur milli staða, og lengir auk þess afhendingartímann. Skorturinn hefur verið viðvarandi á síðustu 15 árum. Ein af ástæðum hans er hár meðalaldur trukkabílstjóra, en hann er um 55 ár og því margir sem hætta störfum á hverju ári og ekki finnst mannafli í störf þeirra. Meðalaldur í öðrum starfsgreinum, eins og framleiðslu- og byggingastörfum er um 10 árum lægri.

### Mikið reynt til að sporna við

Eigendur trukkafyrirtækja hafa reynt að sporna við þessari þróun með ýmsum hætti. Stöðugt endurmat á launamálum, ráðningarbónusar, starfsívilnanir og tryggingar, aukinn frítími, stöðug endurnýjun flotans, bætt vinnuaðstaða, aukin tækni í bílunum og kostuð þjálfun hefur hjálpað til þess að fá starfsmenn til vinnu, en það bara dugar ekki til.

Mjög illa hefur gengið að fá kvenfólk í þessi störf og eru aðeins 6% trukkabílstjóra í Bandaríkjunum konur, en konur eru 47% vinnandi fólks í landinu. Það hjálpar ekki til hvernig ímynd trukkabílstjórastarfsins er og hefur verið í gegnum tíðina og það heillar ekki kvenþjóðina. Steríótýpan sem sköpuð hefur verið kringum starfið er ekki beint að heilla kvenfólk, en með betri bílum, aukinni tækni og minni þörf á líkamlegum styrk ætti þetta starf ekki að fæla konur frá. Mörg bandarísk trukkafyrirtæki hafa lagt mikið upp úr því að laða kvenfólk til starfans og haft erindi sem erfiði, en þó verður ekki sagt að 6% landshlutfallið sé hátt.

### Fráhrindandi ímynd trukkabílstjórastarfsins

Lífsstíllinn sem fylgir trukkabílstjórastarfinu er enn ein hindrunin hvað fjölgun þeirra varðar, að minnsta kosti þeirri mynd sem flestir draga upp af þessu starfi. Mikill tími að heiman, að sitja allan tímann meðan á vinnu stendur og einsleitnin í starfinu fælir stóran hluta fólks frá því að íhuga trukkabílstjórastarfið.

En það hefur þó tekið talsverðum stakkaskiptum á síðustu árum. Trukkabílstjórar dagsins í dag fá mun meiri tíma heima hjá sér en fyrrum, eru með miklu betri starfsskilyrði og borða hollari mat en áður og er meira að segja ætlaður tími til að stunda hreyfingu og þjálfun á ferðinni á milli akstursleiða.

Þrátt fyrir allar þessar breytingar á vinnu trukkabílstjóra og aðgerðir til að reyna að laða að fleiri að starfinu er því spáð að skortur á bílstjórum muni nema um 175.000 störfum og er þá miðað við þróunina og skortinn síðastliðin ár.

### Allt að 80.000 dollara árslaun

Yfirleitt þar sem vantar fólk í vinnu hækka launin og eðlilega er það reyndin vestanhafs. Flutningafyrirtækin hafa verið að greiða allt að 80.000 dollara árslaun til trukkabílstjóra, en það nemur næstum 10 milljónum króna á ári, eða um 800.000 króna mánaðarlaunum. Það eru meira að segja dæmi um að trukkabílstjórar hafi náð yfir 100.000 dollara launum á ári, eða milljón krónum á mánuði.

Hafa verður í huga að engrar menntunar er krafist í þessum störfum, en þó náttúrulega prófs til að mega aka þetta stórum trukkum. Fá eða engin önnur dæmi er um viðlíka laun í Bandaríkjunum fyrir störf sem krefjast svo til engrar menntunar. Það virðist því fátt ætla að leysa þann vanda sem skortur á trukkabílstjórum er nema mannlausir flutningabílar og sú þróun er á fleygiferð og leggur til að mynda Daimler, móðurfyrirtæki Mercedes Benz, mikið fé til þróunar á slíkri tækni. Það gæti lausnin verið fundin.



Ófáir trukkarnir aka um þjóðvegina í Bandaríkjunum, en þó er nokkur skortur á starfsfólki til að aka þessum stóru bílum.

**» Mjög illa hefur gengið að fá kvenfólk í þessi störf og eru aðeins 6% trukkabílstjóra í Bandaríkjunum konur, en konur eru 47% vinnandi fólks í landinu.**



Einn þeirra 3.500.000 trukkabílstjóra í Bandaríkjunum til í tuskið..



PIRELLI TOYO TIRES MAXXIS BFGoodrich INTERSTATE TIRES NORDEXX – great tires




# Stór, stærri, stærstur!

## Nesdekk Breiðhöfða er sérhannað fyrir stóru bílana!

Við hugsum stórt í fullkomnasta hjólbarðaverkstæði landsins að Breiðhöfða, sem er sérhannað fyrir stærstu bílana sem geta keyrt í gegnum verkstæðið. Á meðan við göngum í verkin innan dyra láta ökumenn þeirra fara vel um sig í einkabiðstofu . Komdu í Nesdekk Breiðhöfða og njóttu stærðarinnar.




**Ný sending af vörubíladekkjum frá Pirelli og Doublecoin voru að koma í hús!**








Nesdekk / Breiðhöfða / 110 Reykjavík / nesdekk.is / 590 2080

NESDEKK

# Sendibíll sem leggur línurnar

Askja er umboðsaðili Mercedes-Benz á Íslandi og er fyrir vikið vel í stakk búið til að þjónusta atvinnulífið með miklu úrvali atvinnubíla. Í mars mun Askja opna nýtt sérhæft sendibílaverkstæði.

Bílaumboðið Askja er umboðsaðili Mercedes-Benz á Íslandi og er umboðið sérstaklega vel í stakk búið til að þjónusta atvinnulífið með miklu úrvali af Mercedes-Benz atvinnubílum segir Hannes Strange, sölustjóri Mercedes-Benz atvinnubíla. „Við bjóðum upp á mjög breitt úrval af atvinnubílum, allt frá Citan sendibílum og upp í stærstu gerðir af Mercedes-Benz Actros vörubílum. Þessir bílar koma í fjölbreyttum útfærslum sem sníða má að nánast allri notkun í atvinnulífinu.“

### Einn vinsælasti bíllinn

Mercedes-Benz Sprinter bíllinn er einn vinsælasti vinnubíllinn hjá Öskju enda hentar hann afar vel fyrir ólíkar atvinnugreinar segir Hannes. „Mercedes-Benz Sprinter er sendibíllinn sem leggur línurnar á sendibílamarkaði enda hentar bíllinn nánast öllum atvinnugreinum, hvort sem það er til útkeyrslu á vörum, keyrslu á mannskap og búnaði. Einnig er Sprinter vinsæll sem smárúta fyrir allt að 19 farþega. Í nýja Sprinternum er sérstök áhersla lögð á að gera vinnuumhverfi ökumanns bílsins algjörlega framúrskarandi.“

Sprinter bílinn er hægt að fá í fjölmörgum útfærslum, t.d. sem hefðbundinn sendibíl, vinnuflokkabíl og grindarbíl sem hægt er að setja flutningakassa á eða pall. „Nýi Sprinterinn er nú fáanlegur framhjóladrifinn, afturhjóladrifinn og fjórhjóladrifinn auk þess sem hægt er að velja á milli beinskipta og sjálfskiptra bíla. Hann hefur líka öflugar og þrautreyndar dísilvélar sem eru hagkvæmar í rekstri.“



Mercedes-Benz Sprinter bíllinn er einn vinsælasti vinnubíllinn hjá Öskju enda hentar hann afar vel fyrir ólíkar atvinnugreinar segir Hannes Strange, sölustjóri Mercedes-Benz atvinnubíla. MYND/STEFÁN KARLSSON



Frá vinstri má sjá Sprinter pallbíl, Sprinter sendibíl og Sprinter sætabíl.

> Við bjóðum upp á mjög breitt úrval af atvinnubílum, allt frá Citan sendibílum og upp í stærstu gerðir af Mercedes-Benz Actros vörubílum.

### Nýr trukkur væntanlegur

Eins og fyrri ár er ýmislegt spennandi á döfinni hjá Öskju í ár. „Þegar kemur að stærri bílum má helst nefna nýja Actros trukkinn sem er væntanlegur um mitt ár. Þar er á ferðinni algjörlega nýr og glæsilegur bíll en meðal nýjunga má nefna að þessi bíll er án spegla. Í stað þeirra eru myndavélar sem án efa munu auka enn á öryggi í akstri.“

### Sérhæft sendibílaverkstæði

Sýningarsalur Öskju fyrir Mercedes-Benz atvinnubifreiðar er að Fosshálsi 1. Í næsta nágrenni að Krókhálsi 11 er þjónustuverkstæði ásamt varahlutaverslun. „Núna í mars munum við opna nýtt sérhæft sendibílaverkstæði sem mun gera Öskju enn frekar kleift að veita fljóta og góða þjónustu ef eitthvað bjátar á. Einnig bjóðum við upp á þjónustusamninga þar sem notandinn hefur allt innifalið og veit allan kostnað við rekstur inn fyrir fram.“

Allar nánari upplýsingar á www.askja.is.

# Daimler hættir þróun „platooning“

Forstjóri Daimler Truck and Buses segir að tilraunir fyrirtækisins á „platooning“ hefðu ekki skilað tilætluðum árangri og á stundum leitt til aukinnar eyðslu trukkanna.

Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is



Daimler, móðurfyrirtæki Mercedes-Benz, lýsti því yfir á CES tækniráðstefnunni í Las Vegas sem nú er yfirstaðin að fyrirtækið myndi hætta við þróun „platooning“ fyrir flutningabíla sína. „Platooning“ gengur út á það að láta marga flutningabíla aka í þéttakandi lest til að minnka loftmótstöðu og í leiðinni eyðslu á flutningabílum. Í stað þess verður enn meiri áhersla og þróun á sjálfakandi búnað fyrir flutningabíla Benz.

Fyrirtækið kynnti einmitt sinn fyrsta Level 2 Autonomy trukk á CES sýningunni í Las Vegas árið 2015, fyrst flutningabílafyrirtækja. Martin Daum, forstjóri Daimler Truck and Buses, sagði á ráðstefnunni nú að sjálfakandi búnaður myndi taka akstur flutningabíla yfir á næsta stig.

### „Platooning“ skilaði ekki tilætluðum árangri

Hann sagði í leiðinni að tilraunir þær sem Daimler hefur þegar gert með „platooning“ hefðu ekki skilað þeim árangri í minnkaðri eyðslu bíla sinna sem vænst hafði verið og það væri ástæðan fyrir því að þeirri þróun yrði hætt, að minnsta kosti í bili. Hann nefndi að auki að of oft væri umferð flutningabíla þeirra sem ekið hafði verið með „platooning“ aðferðinni verið trufluð af annarri umferð og fyrir vikið hefði eyðsla bílanna jafnvel frekar aukist í viðleitninni til að ná aftur í óslitna lest.

Þó væri alls ekki loku fyrir það skotið að þróun „platooning“ yrði tekin upp aftur eftir að þróun mannlausra flutningabíla væri komin svo langt að heimilt væri að hafa slíka bíla mannlausa og treysta því tækninni.

### Mannlausir trukkar innan áratugar

Daum sagði að sýn þeirra hjá Daimler væri sú að innan áratugar væri tæknin bak við mannlausa trukka orðin svo örugg að henni mætti treysta og þar yrði Daimler í forystu. Tæknin yrði það góð að slíkir bílar yrðu í raun öruggari en með bílstjórum. Í 94% tilfella þar sem trukkar lenda í slysum megi kenna mistökum bílstjóranna um og í því ljósi væri þessi tækni eftirsóknarverð. Sparnaðurinn við mannlausa trukka yrði þó ekki síður eftirsóknarverður og að kostnaðurinn við hvern ekinn kílómetra myndi lækka mjög mikið.



Sjálfakandi búnaður mun taka akstur flutningabíla yfir á næsta stig.




Snorri Árnason, sölustjóri landvéla, Rúnar J. Hjartar, sölustjóri IR loftlausna, lyftara og vöruhúsalausna, Bjarni Arnarsson, framkvæmdastjóri sölusviðs, og Ívar Atli Brynjólfsson þjónustufulltrúi. Fréttablaðið/Eyþór

# Góð þjónusta verið lykillinn að velgengni Kletts

Klettur, umboðsaðili Caterpillar, Scania, Goodyear og fleiri þekktra vörumerkja, er orðinn yfir 100 manna vinnustaður enda þjónustustigið hátt og allt miðast við að viðskiptavinurinn geti klárað sitt verk. Nýverið var opnaður Klettur Norðurland sem eykur enn á hagræði viðskiptavinarins.

Þungamiðjan í okkar starfsemi er hér í Klettagörðum en við erum nýbúnir að eignast þjónustuumboð okkar á Akureyri sem heitir nú Klettur Norðurland og hefur á að skipa átta starfsmönnum,“ segir Bjarni Arnarson, framkvæmdastjóri sölusviðs hjá Kletti. Helstu vörumerki Kletts eru Caterpillar-vinnuvélar, -aflvélar, -rafstöðvar og -lyftarar, Scania-vörubifreiðar, -hópbílar, -bátavélar og rafstöðvar, Ingersoll Rand-iðnaðarloftpressur og Multione-liðléttingar auk þess að vera með gæðadekk frá Goodyear, Dunlop og Maxam-dekk fyrir vinnuvélar og traktora.

Varla er sú stórframkvæmd sem hefur verið ráðist í hér á landi sem hefur ekki haft Caterpillar eða Scania á vinnusvæðinu en Klettur tók við umboði Caterpillar árið 1947. Snorri Árnason sölustjóri segir merkið vera það þekktasta í vinnuvélaheiminum og gjarnan notað sem samheiti yfir vinnuvélar.

„Það skiptir okkur máli að viðskiptavinum okkar gangi vel því þetta er ein keðja, sem helst í hendur. Ef þeim gengur vel þá gengur okkur vel. Nú erum við búin að sjá kynslóðaskipti í nokkrum fyrirtækjunum. Börnin og barnabörnin eru komin inn og halda þau áfram að skipta við okkur. Það er ákveðinn gæðastimpill,“ segir hann og Bjarni tekur undir.




Starfsmenn Kletts á Akureyri

„Við aðstoðum einnig viðskiptavini okkar við að kaupa notaðar vélar og tæki til dæmis ef afgreiðslutími er of langur á nýjum. Til að mynda vorum við nýlega að fá vél frá samstarfsaðila okkar í Noregi þar sem löng bið var eftir nýrri og sambærileg vél ekki til í landinu og erum við nú að standsetja hana á verkstæði okkar fyrir afhendingu,“ segir Bjarni.

## Unnið hörðum höndum

Það er líf og fjör um allan Klett. Að ganga um rúmlega fjögur þúsund fermetra húsnæði þeirra er ákveðin upplifun. Alls staðar er nóg að gera og unnið hörðum höndum að því að láta viðskiptavininn ganga fyrir.




Scania bíllinn er tignarlegur sem fyrr.

„Það styrkir okkur að við erum sveigjanlegir, það eru ekki öll egg í sömu körfu,“ segir Bjarni og bætir við: „Ásamt því að sinna jarðvinnugeiranum þá erum við sterkir þegar kemur að þjónustu við vöruflutninga og vörudreifingu ásamt því að sinna iðnfyrirtækjum og verkstæðum með hágæða Ingersoll Rand-loftpressum og fleiru.“

Hjá Kletti leggjum við mikla áherslu á að veita góða þjónustu. Opið er t.a.m. á vörubílaverkstæðinu til kl. 23.30 og í öllum deildum er bakvakt allan sólarhringinn allan ársins hring. „Við leggjum upp úr góðri þjónustu og það hefur verið lykillinn að farsæld okkar í gegnum tíðina.

Margir af okkar kúnnum eru við störf á öllum tímum sólarhringsins og til að mæta þörfum þeirra þá erum við með vaktsetningu á verkstæði, bakvakt utan opnunartíma og Klettur hefur á að skipa 11 þjónustubílum, þar af einum sérinnréttuðum bíl sem er nánast smurstöð á hjólum,“ segir Bjarni og bendir á að þá geti bíllinn mætt á verkstað og skipt um olíu, ásamt því að taka til baka alla úrgangsolíu.

„Með tilkomu Klettur Norðurland á Akureyri eykur það enn frekar hagræði fyrir kúnnan þar sem Akureyri er mjög stórt athafnasvæði og mikil þægindi fyrir þá kúnna sem eru þar á ferðinni,“ bætir Snorri við.

Og talandi um hagræði og sparnað. Snorri segir að vélum og tækjum fari alltaf fram. Mengunarstaðallinn er alltaf að verða strangari og sjálfvirkni mun meiri en áður. Þeir sem eru góðir í Playstation séu þeir sem geti orðið góðir gröfu- og vélamenn. „Beltagröfur eru að verða meira hybrid-tæki. Þá er snúningurinn notaður til að byggja upp þrýsting í vökvakerfinu sem nýtist síðan aftur. Þarna erum við að sjá minnkun á eyðslu upp á u.þ.b. 10-15 prósent sem er gríðarlegur sparnaður því þessar vélar ganga nánast allan sólarhringinn allt árið um kring.“

Bjarni segir að upplýsinga- og tæknibyltingin sé að koma af fullum þunga inn í vinnuvélar. „Það er t.d. staðsetningarbúnaður, bilanagreiningar í gegnum gervihnött , GPS-búnaður fyrir landmótun, vigtunarbúnaður og ýmislegt mælt og skoðað til að reyna að ná meiri hagkvæmi. Allt miðast við að tiltölulega lítt vanur maður getur verið fljótur að ná tökum á vél og stjórnbúnaði.“

# Heimilismatur fyrir svanga kalla



Starfsmenn ÍAV að störfum árið 1993, jafnvel að hugsa um hádegismatinn.

**Eiríkur Friðriksson matreiðslumeistari starfaði í langan tíma hjá mötuneyti Íslenskra aðalverktaka á Keflavíkurflugvelli. Starfsmenn voru að langstærstum hluta svangir karlmenn sem tóku hraustlega til matar síns.**

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Umsvif Íslenskra aðalverktaka (ÍAV) á Keflavíkurflugvelli á seinni hluta síðustu aldar voru umtalsverð enda sá fyrirtækið um nær allar framkvæmdir á vegum bandaríska hersins á flugvellinum á því tímabili. Mikill fjöldi starfsmanna, aðallega karlmenn, starfaði hjá fyrirtækinu á þessum tíma og flestir við líkamlega erfiða vinnu yfir langa vinnuviku. Eðlilega þurfti að hugsa vel um slíkt vinnuafl og þar lék góður og vel útilátinn matur stórt hlutverk.



Vinnuvélarnar, sem ÍAV notuðu á Keflavíkurflugvelli um 1993, voru af ýmsum gerðum. Vinnudagarnir voru langir á þessum árum. MYND/ÆGIR MÁR KÁRASON

## Gaman að vera til

Eiríkur Friðriksson matreiðslumeistari, sem alltaf er kallaður Eiki, starfaði um 23 ára skeið, með stuttum hléum, hjá fyrirtækinu. Hann byrjaði árið 1973, þá fimmtán ára gamall, að skúra og sópa í mötuneytinu sem faðir hans, Friðrik Eiríksson, veitti forstöðu í nokkra áratugi. „Þetta voru skemmtilegir tímar enda var Keflavíkurflugvöllur eins og sjálfstætt ríki með öllum sínum framandi og spennandi hlutum og matvöru sem þekktist ekki á Íslandi á þeim tíma. Þegar ég fékk bílpróf hóf ég að keyra út alls kyns vörur og mat til vinnuflokka sem komust ekki í mat. Seinna lærði ég kokkinn og þá fór ég að leysa pabba af þannig að ég kom að ýmsum störfum og verkefnum á þessum árum. Fyrstu árin gistum við sumarstrákarnir í bröggunum virka daga og þá var nú gaman að vera til. Við löbbuðum mikið um vallarsvæðið, fórum inn í blokkirnar þar sem hægt var að kaupa sígarettur og bjór í sjálfsölum. Á þessum tíma var ekki einu sinni til gos í dósum á Íslandi þannig að þegar ég mætti í bæinn um helgar með kippu af dósakóki var tekið á móti mér eins og guði. En þetta er nú langt síðan og ansi margt hefur breyst.“



Íbúðablokkir í byggingu á Keflavíkurflugvelli árið 1992. MYND/ÆGIR MÁR KÁRASON

## Íslenskur heimilismatur

Fyrstu árin sem Eiki starfaði í mötuneytinu var vinnudagurinn oft langur og strangur enda þurfti að útbúa sex máltíðir á dag. „Fyrst var morgunmatur kl. 7, næst kaffitími kl. 9 og hádegismatur. Klukkan 15 var annar kaffitími og svo gjarnan kvöldmatur kl. 18 og kvöldkaffi kl. 21 því oft var unnið fram eftir. Seinna meir sömdu kallarnir af sér kaffitímana og hættu á hádegi á föstudögum í staðinn. Þegar mestu umsvifin voru mættu um 800 manns í hádegismat til okkar. Pabbi hélt nákvæmt bókhald þau 40 ár sem hann starfaði þarna og á því tímabili voru afgreiddar um 26 milljónir máltíða.“

Maturinn sem eldaður var ofan í mannskapinn var að mestu leyti gamaldags íslenskur heimilismatur. „Við reyndum að hafa fisk tvisvar í viku og kjöt hina dagana. Það var mikið keyrt á lambakjöti, t.d. súpukjöti og læri, einnig saltkjöti og svo auðvitað kjötbollum. Soðinn og steiktur fiskur var alltaf klassískur. Þetta var hágæða heimilismatur fyrir svanga kalla. Af þessum klassísku réttum stendur lambalærið upp úr sem við bárum fram með sykruðum kartöflum, brúnni sósu og tilheyrandi meðlæti. Klassískur réttur sem kallarnir fíluðu vel. Hann var reglulega í boði í hádeginu á föstudögum og seinna meir á fimmtudögum.“

## Ýsa í raspi

Einn vinsælasti rétturinn á boðstólum hjá Eika og félögum var steikt ýsa í raspi. Eiki rifjar upp þessa klassísku og einföldu uppskrift: Ýsuflakið er skorið í meðalstórar sneiðar. Blandið saman í skál eggi, smá mjólk, salti og pipar, sítrónupipar og hvítlauksdufti. Hafið brauðrasp tilbúið á diski og hveiti á öðrum. Ýsubitunum er velt upp úr hveitinu, næst eggjablöndunni og að lokum brauðraspinu. Steikið á pönnu í olíu og smá smjörlíki. Berið fram með soðnum kartöflum, hrásalati og annað hvort remúlaði eða kokteilsósu.

## Skemmtilegir karakterar

Faðir Eika, Friðrik, lærði kokkinn í Bandaríkjunum á sínum tíma og hóf störf á vellinum árið 1957, strax eftir nám. „Hann kom með ýmsar nýjungar til landsins, t.d. hrásalatið, sem þekktist ekki hér á landi. Hann sauð líka fiskbitana á pönnu í gufuofni í stað þess að sjóða þá alla í stórum potti. Fyrir vikið nýttist hráefnið mun betur.“

Mötuneytið tók um 250 manns í sæti auk þess sem matur var reglulega sendur út á vinnusvæði til vinnuflokka. Þá var yfirleitt borðað í gömlum rútum sem búið var að gera upp með borðum og stólum fyrir vinnumennina og jafnvel kamínu til að halda á þeim hita.

> **Þetta voru skemmtilegir tímar enda var Keflavíkurflugvöllur eins og sjálfstætt ríki með öllum sínum framandi og spennandi hlutum og matvöru.**
>
> Eiríkur Friðriksson



„Kallarnir voru nær alltaf ánægðir með matinn. Í svona stórum hópi er auðvitað alltaf einn og einn sem rífur kjaft. Eftir að ég hætti hjá verktökunum og fór að hitta þessa kalla utan vinnunnar sögðu þeir mér allir að maturinn hefði verið æði og aldrei verið neitt vesen. Annars vann þarna gríðarmikið af skemmtilegum og spes karakterum sem gerði þennan tíma enn eftirminnilegri fyrir vikið.“




TROJAN RAFGEYMAR
fyrir vinnulyftur, gólfþvottavélar og fleiri smærri vélar

TROJAN BATTERY COMPANY




Endingargóðir, úthaldsmiklir og traustir. Um langt skeið hafa notendur um allan heim treyst á Trojan til að skila framúrskarandi afli, en afkastageta Trojan hefur verið aukin enn frekar með nýjustu tækni.

HREIN ORKA Í ALLRA ÞÁGU

Sölu- og þjónustuver **515 1100** eða **pontun@olis.is**.

olís

# Eigum bæði nýjar og notaðar vinnuvélar tilbúnar til afhendingar.



**Hyundai HX160LD**
Árg 2018, notuð 300 tíma
Tönn, smurkerfi, fleyglagnir og hraðtengi



**Hyundai HX220L**
Árg 2018, 200 tímar
Smurkerfi, fleyglagnir, hraðtengi



**Caterpillar M313D**
Árg 2014, notuð 5,100 tíma
Engcon rótortilt og 2 skóflur



**Dieci Zeus 37.7**
Árg 2018, notaður 200 tíma
Lyftigeta 3,7 tonn, lyftihæð 7m
Gafflar og skófla



**Hitachi ZW75-6**
Árg 2018, notuð 400 tíma
Þyngd 5,1 tonn, hraðtengi, skófla
Gafflar, auka vökvalögn



**Dieci Apollo 26.5**
Árg 2016, notaður 1,200 tíma
Lyftigeta 2,5 tonn, lyftihæð 6m
Gafflar og skófla



**Hitachi ZX33U-5A**
Árg 2018, notuð 200 tíma
Fleyglagnir, hraðtengi og 3 skóflur

**Vélafl ehf / Rauðhella 11. Hafnarfjörður / gk@velafl.is 694-3700 / set@velafl.is 893-8424**

VÉLAFL



## Sérhæfðar leiguvélar til byggingar- og jarðvegsframkvæmda

Atvinnutæki ehf. sérhæfir sig í útleigu á vinnuvélum og tækjum til ýmissa bygging-arog jarðvegsframkvæmda. Fyrirtækið býður upp á gott úrval véla og tækja auk þess eru ýmsir leigu og kaupmöguleikar í boði, allt eftir hentugleika hvers og eins að sögn Sigurðar E Þorsteinssonar, sölustjóra fyrirtækisins.

Þegar kemur að byggingar- og jarðvegs-framkvæmdum gertur leiga verið heppilegur kostur fyrir verktaka sérstaklega þar sem þörf er á auknum tækjaflota til skamms tíma. að sögn Sigurðar. Leigunni fylgir líka lægri fjármagns- og viðhaldskostnaður sem skiptir miklu máli fyrir verktaka. Ef viðskip-tavinir vilja skipta um skoðun á leigutímabili-nu gefst þeim einnig kostur að kaupa vélina eða tækið með svokallaðri Leigu til kaups en þá gengur hluti leigugjaldsins 50-100% upp í kaupverðið.

### Véla & Tækjakostur hjá Atvinnutækjum er eftirfarandi

- Betlagröfur 2,5 til 70 tonn
- Hjólagröfur 14-17 tonn
- Skotbómulyftarar 7-14 metra
- Jarðýtur
- Valtarar
- Jarðvegsþjöppur
- Liðstýrðir námutrukkar / Búkollur
- Malarhörpur
- Forbrjótar

Einnig bjóðum við uppá vinnuvélar með GPS Trimble búnaði & Rototilt







ATVINNUTÆKI

Rauðhella 11, Hafnarfjörður / 577-6010 / leiga@atvinnutæki.is


CAT


ARMAR
VIÐ BYGGJUM
Á REYNSLUNNI!
Armar er stærsta leigufyrirtæki sinnar tegundar á Íslandi. Fyrirtækið leigir út tæki, bíla og fjölbreyttan vélakost til byggingariðnaðarins og leggur metnað í að bjóða viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustu og heildarlausnir fyrir hvers kyns framkvæmdir – hvar á landi sem er.
VINNULYFTUR
MÓT&KRANAR
JARÐVÉLAR
BÍLAR
Tækjaflotinn telur í dag rúmlega fjögur hundruð vélar, m.a. skæralyftur, spjótlyftur, lyftara, skotbómulyftur, rafstöðvar og önnur smærri tæki. Armar er umboðsaðili Genie vinnuvéla á Íslandi.
Með fjölbreytt úrval byggingakrana, steypumót og steypuíhluti eru Armar leiðandi í útleigu og sölu á efni til bygginga- og steypuframkvæmda. Armar er umboðsaðili Peri á Íslandi.
Armar bjóða til leigu stórar hjóla- og beltagröfur, ýtur og búkollur fyrir stærri mannvirki á borð við virkjanir, álver og gangnagerð.
Bifreiðar frá Toyota Íslandi og BL ehf., eru í boði á hagstæðri rekstrarleigu. Bílarnir eru flestir sérútbúnir til að geta nýst verktökum við íslenskar aðstæður og á alls kyns vegum.
ARMAR EHF – KAPLAHRAUNI 2-4 – 220 HAFNARFIRÐI – SÍMI 565 4646 – WWW.ARMAR.IS




MAN TGX trukknum var hrósað fyrir lágan rekstrarkostnað og öryggisþætti.

# MAN TGX er trukkur ársins

MAN var með 16% aukningu í sölu á fyrri helmingi síðasta árs og gengur einkar vel um þessar mundir.



Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is

Í 32 ár hafa Motor Transport Awards verið veitt í Bretlandi og fyrir árið 2018 var það MAN TGX trukkurinn sem hlaut verðlaunin „Fleet Truck of the Year“. Verðlaunin fékk trukkurinn góði fyrir mikil gæði bílsins, sparneytni, nýja tækni sem í honum er og framúrskarandi þjónustu MAN. Þessi verðlaun eru eins og Óskarsverðlaunin fyrir trukkaframleiðendur, en í dómnefndinni eru fjölmargir óháðir aðilar sem meta þau ökutæki sem til greina koma hverju sinni.

MAN TGX trukknum var einnig hrósað fyrir lágan rekstrarkostnað og öryggisþætti bílsins og hve hagkvæmt og auðvelt viðhald er á honum, sem og frábæra þjónustu MAN sem tryggir að varahlutir berist eigendum hratt og örugglega gerist þess þörf.

## MAN í eigu Volkswagen Group

Þá var einnig nefnt hve vinnuumhverfi ökumanns er gott. Í áliti dómnefndar kemur einnig fram að með þessum trukki sé eigendum hans veitt mikið rekstraröryggi með viðamiklu þjónustuneti MAN. Verðlaunin voru veitt að viðstöddum 1.000 gestum á Motor Transport Awards hátíðinni og var þessu vali vel fagnað af starfsfólki MAN í Þýskalandi.

MAN er eitt af mörgum bílamerkjum sem eru í eigu Volkswagen Group. Það er fyrirtækið Kraftur á Vagnhöfða 1 sem selur MAN Trucks & Buses á Íslandi.

## Vel gengur hjá MAN

Árið 2018 var sérlega hagstætt hjá MAN, en rekstrartölur fyrir allt árið liggja þó ekki enn fyrir. Á fyrri helmingi ársins í fyrra jók MAN við sölu sína um heil 16%, veltan nam 1.025 milljörðum króna og hagnaðurinn 44 milljörðum króna. Hagnaður af veltu fór úr 4,0% í 4,3% á milli ára þrátt fyrir að erfitt geti reynst að auka hagnaðarhlutfallið í svo miklum vexti. Umboðsaðili MAN hér á landi seldi alls 57 vörubíla til íslenskra kaupenda á síðasta ári.

MAN er nýverið farið að selja sendibíla og meðal annars sendibíla sem ganga eingöngu fyrir rafmagni. Því má líklega búast við aukinni sölu MAN bíla hér á landi á næstu árum.

> TGX trukkurinn var valinn „Fleet Truck of the Year“. Verðlaunin fékk trukkurinn góði fyrir mikil gæði bílsins, sparneytni, nýja tækni sem í honum er og framúrskarandi þjónustu MAN.

Varahlutasala og þjónusta

Ósal sérhæfir sig í þjónustu og varahlutasölu í aftanívagna af öllum gerðum. Allt frá ljósaperum upp í vagnöxla.

Ásetning á bremsuborðum.
Bilanagreining í bremsukerfum vagna.
Stilling á loftventlum.
Sérpantanir á varahlutum.



ÓSAL
ÓSAL VARAHLUTAVERSLUN • TANGARHÖFÐA 4
110 REYKJAVÍK • SÍMI: 515-7200 • FAX: 515-720
NETFANG: osal@osal.is • www.osal.is



# Tvær stórglæsilegar rútur

## Rútu- og bílaáhugafólk ætti að drífa sig upp í Kraft á Vagnhöfða 1-3 en þar standa nú tvær stórglæsilegar nýjar rútur frá Neoplan og MAN sem gaman er að skoða jafnt að innan sem utan.

Þessar tvær nýju rútur eru af gerðinni Neoplan Tourliner og MAN Lion's Coach. „MAN Lion's Coach rútan er nýtt módel sem kom á markað árið 2017 og tók við af frábærum forvera sínum sem allir þekkja sem stórgóðan bíl," segir Grímur Fannar Eiríksson, sölumaður hjá Krafti.

Rúturnar eru með öllum helsta búnaðinum. „ACC, ABS, ESP og ESB eru kerfi sem eru í þessum bílum ásamt mörgum öðrum sem eru ökumanninum til aðstoðar og öryggis. Í báðum bílum eru myndavélar, ein sem vísar fram á veg, önnur sem nýtist sem bakkmyndavél og enn ein sem vísar að aftari hurð bíls. Tveir skjáir eru í bílnum sem nota má til afþreyingar, fyrir myndavél sem vísar fram og til að varpa upp korti með staðsetningu bílsins á landinu," lýsir Grímur.

Báðar rúturnar eru útbúnar gæðasætum í hæsta klassa sem eru falleg, fáguð og sportleg. Parketdúkur er á gangi og undir sætum. Þá gerir mjög öflugt hita- og kælikerfi ferðina enn betri fyrir farþega. Einnig er hljóðeinangrunin í rútunum fyrsta flokks. Til dæmis er einangrun í lestunarhlerum og þá eru lestir teppalagðar.

„Báðar rúturnar eru með 460 hestafla dísilvélar sem skila þeim örugglega áfram," segir Grímur en tog og kraftur er það sem einkennir bílana frá MAN. Hann bætir við að mótorbremsa og „retarder" séu einnig með því betra sem finnist á markaðnum.

„Við getum boðið allar týpur frá MAN og Neoplan. Allt frá 47 sæta upp í 83 sæta Neoplan Skyliner. Val á litum er undir viðskiptavinum komið en hægt er að setja bílana saman í forriti sem finna má á netinu. Valmöguleikar eru nánast endalausir og hægt að setja rútuna saman eftir eigin höfði," segir Grímur en frekari upplýsingar er að finna hjá sölumönnum Krafts. „Þetta eru glæsilegir bílar og við mælum með að rútu- og bílaáhugafólk komi við hjá okkur næstu daga til að berja þær augum."










Grímur við rúturnar tvær, MAN Lion's coach og Neoplan Tourliner sem hægt er að skoða að innan sem utan næstu daga. MYND/ANTON BRINK

# TGE bætist í MAN hópinn

## MAN býður nú í fyrsta skipti upp á sendibíla og minni flokkabíla. Hjá Krafti á Vagnhöfða 1-3 má nú fá MAN TGE sendibíl sem hægt verður að fá í ýmsum útfærslum og nokkrum þyngdarflokkum.

Þetta er í fyrsta sinn sem MAN býður upp á sendibíla og minni flokka. Hingað til voru 7,5 tonna bílarnir það minnsta sem MAN bauð upp á, en nú verður hægt að fá bíla niður í þrjú tonn," segir Erlingur Örn Karlsson, sölumaður hjá Krafti. „Með MAN TGE bætist 3 tonna sendibíll í hóp fjölda milli- og þungaflutningabifreiða."

TGE verður fáanlegur frá þremur tonnum og upp í 5,5 tonn. Hann er búinn tveggja lítra dísilvél sem er fáanleg í fjórum útfærslum: 75 kW/102 hö, 90 kW/122 hö, 103 kW/140 hö og 130 kW/177 hö.

„Fjöldi möguleika á yfirbyggingum er aukinn, því auk lokaðs sendibíls og vinnubíls má fá grindarbíla með einföldu húsi eða flokkahúsi en flokkahúsið verður fáanlegt í mörgum útfærslum," segir Erlingur.

Í hinum nýja TGE verða tvær hjólhafsútfærslur, þrjár þakhæðir og þrjár bíllengdir í boði. Í lokaða sendibílnum verða lengdirnar 5.983 mm, 6.833 mm og upp að 7.388 mm. Hæðin er áætluð í 2.340 mm, 2.575 mm og 2.800 mm. Hámarks rúmmál er 18,3 rúmmetrar.

MAN TGE verður fáanlegur með fram-, aftur- eða fjórhjóladrifi og eru allar útfærslurnar fáanlegar með annaðhvort sex gíra beinskiptingu eða átta gíra sjálfskiptingu.

„Innanrými bílsins er hugsað með ökumann og farþega í huga og er með því stærsta sem gerist á markaðnum í dag. Þar má finna vel skipulagðar hirslur og rekka sem hámarka skipulag og þægindi," lýsir Erlingur.

EBA (Emergency Brake Assist) verður staðalbúnaður í TGE. „Með þessum búnaði leggur MAN sitt af mörkum til að auka umferðaröryggi. Fjarlægðarskynjarar fylgjast með ökutækjum fyrir framan TGE til að hjálpa til við að stytta bremsuvegalengd. Að auki mun EBA-kerfið sjálfkrafa bremsa niður ökutækið á lágum ökuhraða og þar með draga úr einu af algengustu tjónum og slysum sem verða í innanbæjarakstri.

Bakkstuðningskerfi sem og hjálparkerfi fyrir aftanívagna eru hentugir valmöguleikar. Rafvélvæna stýrið vinnur síðan á móti gagnstýrikröftum, til dæmis sterkum hliðarvindi."

Í TGE verður fjarlægðarstýrt „cruise control"(ACC) sem tryggir þægindi á lengri akstursleiðum. Þreytuskynjun og fjölöryggisbremsun auka heildaröryggi bílsins en það seinna getur komið í veg fyrir árekstur við aðrar hindranir og vegfarendur.





Erlingur við MAN TGE sendibíl sem hægt er að fá í ýmsum útfærslum en hann er útbúinn fjölþættum búnaði.

# Plokkar með fram þjóðvegum fyrir vestan

**Þegar Sólveig Ásta Ísafoldardóttir frétti að forsetinn sjálfur væri farinn að plokka ákvað hún að ekki væri lengur feimnismál að tína upp rusl eftir aðra en það hefur hún gert frá unga aldri. Hún hefur skilað yfir 200 vegastikum til Vegagerðarinnar. Hún segir plokkið hjálpa sér að halda heilsu.**

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is



Ég hef eiginlega alltaf haft þetta í mér. Þegar ég var barn og mamma skrapp í Borgarnes fór ég að taka til og tína drasl undan sófum. Í útilegum hef ég alltaf tínt ruslið sem fólk skilur eftir sig. Á nýársdag vöknum við maðurinn minn á undan öllum öðrum og tínum tertur og flugeldarusl í kerruna okkar," segir Sólveig Ásta sem er alin upp á Mýrunum í Borgarfirði en hefur búið á Patreksfirði frá sextán ára aldri. „Ég hef því alltaf plokkað í laumi en þegar hópurinn Plokk á Íslandi varð til á Facebook og ég tala nú ekki um þegar forsetinn fór að plokka líka, þá taldi ég að þetta væri ekki lengur feimnismál," segir Sólveig hlæjandi og bætir við að hún hafi verið hálf hrædd um að vera kölluð ruslakerling ef sæist til hennar tína upp rusl eftir aðra.

Sólveig er orðin vel þekkt meðal bæjarbúa á Patreksfirði enda er hún dugleg að birta myndir á íbúavef Vesturbyggðar til að vekja fólk til umhugsunar um allt það rusl sem endar í fjöru og vegköntum. „Það er mikilvægt að breyta hugsunarhætti fólks. Það horfir á ruslið og hugsar: „Þetta er ekki eftir mig", eða „unglingavinnan á að sjá um þetta". En við erum að kæfa jörðina í rusli og nauðsynlegt að allir breyti hugarfarinu."

Hún segist reyndar hafa heyrt af fólki í bænum sem sé farið er að taka þetta til sín enda sjáist munurinn í bænum. „Ég byrjaði að tína rusl meðfram aðalgötunni hér á Patreksfirði í vor og komst ekki langt áður en pokinn var fullur af safafernum, sleikjópinnum og öðru rusli. Núna geng ég kannski einn og hálfan kílómetra eftir götunni og finn rétt svo rusl í aðra höndina sem ég hendi í eina af þeim fjölmörgu ruslatunnum sem er að finna í bænum, en það er afar jákvætt hve margar slíkar hafa verið settar upp."



Sólveig safnar vegastikum í bakpoka og skilar þeim síðan til Vegagerðarinnar.

## Metnaðarfull markmið

Sólveig setur sér markmið í plokkinu. „Í ágúst setti ég mér það markmið að fara heiman að og alla leið inn í Skápadal sem eru um 17 kílómetrar.

Ég hreinsaði báðum megin við veginn og í fjörunni. Þetta tók ansi margar ferðir," segir Sólveig sem er með kort þar sem hún merkir inn á hvert hún er búin að fara. Hluti af leiðinni er í hlíð sem erfið er yfirferðar. Sólveig brá á það ráð að binda kaðal í bílinn og hálfpartinn síga niður í fjöru. „Svo kom ég mér upp bakpoka og tíndi ruslið í hann. Ég byrjaði að nota hann í haust þegar ég fór í berjamó en fann lítið af berjum, en þeim mun meira af rusli og vegastikum."

## Yfir tvö hundruð vegastikur

Starfsmenn Vegagerðarinnar eru afar kátir með framtak Sólveigar en hún skilar öllum þeim vegastikum sem hún finnur á þjónustustöð Vegagerðarinnar á Patreksfirði en þær má endurnota. „Ég held að þetta séu orðnar vel yfir tvö hundruð stikur," segir Sólveig en í desember var hún boðin sérstaklega velkomin af Vegagerðarfólkinu sem bauð henni í kaffi og sérstaka köku sem skreytt var henni til heiðurs. „Þetta var virkilega skemmtilegt."



Ruslið er af ýmsum toga.



Sólveig safnar rusli í kerru.




Vegagerðin gladdi Sólveigu.

## Hjálpar við vefjagigt og þunglyndi

Sólveig hefur glímt við vefjagigt frá unglingsaldri og er öryrki. Þá hefur hún einnig þurft að kljást við þunglyndi. „Plokkið er mitt besta vopn gegn vefjagigt og þunglyndi," segir Sólveig en heilsufarið ræður því hve oft hún fer að plokka. „Ég er betri til heilsunnar þegar veðrið er gott. Í haust var það mjög fínt og þá fór ég þrisvar til fjórum sinnum í viku, frá hálftíma upp í þrjá tíma í einu." Hreyfingin og ferska loftið hefur einnig afar jákvæð áhrif á þunglyndið. „Ef mér líður illa á sálinni er svo hreinsandi að fara út að plokka," segir Sólveig en ferðafélagi hennar í plokkinu er hin tíu ára gamla tík Perla.

„Maður slær margar flugur í einu höggi. Hundurinn fær hreyfingu, skapið batnar, umhverfið verður hreinna og svo kemst maður í mjög gott form. Það er langt síðan mér hefur liðið jafn vel og ég þakka það plokkinu."

## Heiðursplokkari Vesturbyggðar

Átak Sólveigar hefur vakið athygli í Vesturbyggð og hún segist stundum vera kölluð ruslalöggan enda er hún dugleg að láta vita af stærra rusli sem hún rekst á og starfsmenn Vesturbyggðar fjarlægja. „Á Alheimshreinsunardaginn þann 15. september var ég síðan útnefnd heiðursplokkari Vesturbyggðar, það þótti mér vænt um og er mjög góð hvatning til að halda áfram."




SNJALLAR HLEÐSLUSTÖÐVAR

Bílahleðslan er endursöluaðili EVBox hleðslustöðva á Íslandi. Hleðslustöðvunum má stýra með appi eða aðgangskorti og fá yfirlit yfir notkun á netinu, innbyggður vottaður orkumælir auðveldar endurrukkun. Við erum sérfræðingar í uppsetningu bílahleðslustöðva í fjölbýlishúsum og bílakjöllurum.

BÍLAHLEÐSLAN powered by EVBOX

Akralind 9, 201 Kópavogi
S: 519 4488
bilahledslan@bilahledslan.is
www.bilahledslan.is

MANITOU
HANDLING YOUR WORLD




# Eigum til á lager hina byltingarkenndu 360° snúningslyftara frá Manitou

**MRT 2150  5 tonna lyftigeta í 21 M**
**MRT 3050  5 tonna lyftigeta í 30 M**

**Lyftihæð:  29.5 M**
**360° snúningskrans**
**Vél: Mercedes Bens 176 hö**
**4 M vinnukarfa – þráðlaus fjarstýring**
**Gafflar**

## Léttið ykkur störfin með þarfasta þjóninum frá Manitou.

PON
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA

Pétur O Nikulásson ehf | Melabraut 21 220 Hafnarfjörður | Sími 5520110 | pon@pon.is | www.pon.is

# Lagði pólitíkina á hilluna og gerðist rútubílstjóri

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson starfaði við sveitarstjórnarmál í 24 ár. Hann var meðal annars bæjarstjóri í Grundarfirði. Sextugur að aldri ákvað hann að taka meirapróf og verða rútubílstjóri.

**Elín Albertsdóttir**
elin@frettabladid.is



Guðmundur Ingi segir að sveitarstjórnarmál séu afskaplega skemmtileg en honum hafi fundist vera komið nóg hjá sér eftir öll þessi ár. Hann sér ekki eftir að hafa lagt pólitíkina á hilluna. „Ég hætti eftir kosningarnar 2014. Ég var aðeins byrjaður að aka fyrir Kynnisferðir og fannst starfið áhugavert. Mér hefur alltaf þótt gaman að keyra bíl og ákvað að skella mér í meiraprófið árið 2012, þá sextugur að aldri,“ segir hann og tekur fram að hann hafi ekki verið sá elsti.

„Það hefur aukist mjög mikið undanfarin ár að eldra fólk fari í meiraprófið. Það gerðist í kjölfar þess að ferðamannastraumurinn jókst mikið til landsins, ekki bara á sumrin heldur allt árið. Norðurljósatíminn er til dæmis mjög vinsæll og nóg að gera hjá rútubílstjórum,“ segir hann. Með fram auknum fjölda ferðamanna jukust atvinnumöguleikar eldra fólks. Sjálfur var ég löngu búinn að ákveða að mig langaði að fylla alla reitina á ökuskírteininu.“

Guðmundi fannst meiraprófið alls ekki erfitt, miklu frekar skemmtilegt. „Í starfi mínu hjá Kynnisferðum tek ég nokkur föst verkefni, ferðir út á Keflavíkurflugvöll, í Bláa lónið, dagsferðir á Gullfoss og Geysi, Jökulsárlón, Sólheimajökul, upp í Borgarfjörð og Langjökul. Þetta eru fjölbreyttar og mismunandi ferðir. Ég hef ekki verið í hálendisferðum. Þetta er líflegt og skemmtilegt umhverfi að vinna í. Maður er alltaf með nýtt fólk í kringum sig auk þess sem Kynnisferðir er stór vinnustaður, margt gott fólk sem starfar þar og gaman að vinna með því. Ég kynnist farþegunum ekki mikið þar sem ég er einvörðungu í stuttum ferðum en maður spjallar oft við fólkið sem getur verið afar ánægjulegt. Svo fær maður mikið þakklæti í lok ferðar.“



Guðmundur Ingi Gunnlaugsson sér ekki eftir pólitíkinni en hefur gaman af því að keyra ferðamenn um landið. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Guðmundur Ingi er alinn upp í Hveragerði og Reykjavík en býr á Selfossi. Hann bjó í Grundarfirði 2006-2010 á meðan hann starfaði sem bæjarstjóri þar. Hann var lengi sveitarstjóri Rangárvallahrepps áður en hann fór vestur. „Það leiðist engum sem tekur þátt í sveitarstjórnarmálum því verkefnin eru endalaus og ótrúlega fjölbreytt. Ég sakna þó ekki stjórnmálanna. Mig langar frekar að keyra rútu á meðan heilsan leyfir,“ segir Guðmundur sem ekur um á öllum stærðum af rútum og viðurkennir að stundum geti verið flókið að vera á mjög stórum rútum á þröngum vegum úti á landi. „Starfið krefst mikillar einbeitingar og það reynir mjög á færni og vandvirkni. Allir bílstjórar vildu auðvitað að vegirnir væru breiðari en þetta er raunveruleikinn með íslenska vegakerfið. Það getur til dæmis verið snúið að athafna sig á bílastæðum við vinsælustu ferðamannastaðina en bílarnir eru vel búnir með öllum þeim hjálpartækjum sem í boði eru.“

Guðmundur viðurkennir að hafa alltaf haft smá bíladellu. „Ég var kannski ekki á kafi í bíladellunni, hef einungis átt venjulega fjölskyldubíla, oftast frá Toyota og Mitsubishi. Ég hef samt alltaf fylgst með akstursíþróttum og var með þjónustubíl í fyrsta alþjóðlega rallinu sem fram fór hér á landi,“ segir hann.



ramisland.is

# RAM 3500 - HÖRKUTÓL SEM ENDIST
## EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX




40" BREYTTUR

EIGUM ALLAR ÚTFÆRSLUR TIL AFHENDINGAR,
SLT, LARAMIE, LARAMIE SPORT, LIMITED OG LIMITED TUNGSTEEN.
BJÓÐUM UPP Á 37" TIL 42" BREYTINGARPAKKA.

# FIAT ATVINNUBÍLAR

FIAT PROFESSIONAL

fiatprofessional.is




## FIAT Doblo

**Dísel 1.3 95 hö. 5 gíra beinskiptur. 5 ára ábyrgð.**

**FLUTNINGSRÝMI:**
**3,4 $m^3$ - Lengd hleðslurýmis: 1820 mm**
**4,2 $m^3$ MAXI (langur) - Lengd hleðslurýmis: 2170 mm**

**BURÐARGETA:**
**750 kg - 900 kg MAXI (langur)**

**DOBLO**
Verð frá 2.225.806 án vsk.
**2.760.000 m/vsk.**

**DOBLO MAXI**
Verð frá 2.411.290 án vsk.
**2.990.000 m/vsk.**



**FIAT DUCATO**
**Verð frá 4.024.194 án vsk.**
4.990.000 m/vsk.

**FIAT TALENTO L2H1**
**Verð frá 3.298.387 án vsk.**
4.090.000 m/vsk.

**FIAT DOBLO**
**Verð frá 2.225.806 án vsk.**
2.760.000 m/vsk.

**FIAT FIORINO**
**Verð frá 1.854.032 án vsk.**
2.299.000 m/vsk.

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI RAM TRUCKS OG FIAT PROFESSSIONAL Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 534 4433 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

5 ÁRA ÁBYRGÐ




Einn af framúrstefnulegri sendibílum sem drifinn verður áfram með rafmagni, en þessi er úr smiðju Mercedes Benz.

# Tími rafmagnstrukka að renna upp

Það er ekki eingöngu á fólksbílamarkaði sem rafmagnið mun leysa af hólmi jarðefnaeldsneytið, þróunin í framleiðslu rafmagnstrukka er á fleygiferð og vænst er gríðarlegs vaxtar til ársins 2025.

Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is

Eftir lítinn vöxt á síðasta ári í smíði og sölu flutningabíla sem drifnir eru áfram af rafmagni er búist við meira en 10% vexti í framleiðslu slíkra bíla á þessu ári og veldisvaxandi vexti eftir það. Búist er við því að sexföldun verði á sölu rafdrifinna trukka frá 2019 til 2025. Það þýðir frá sölu á 180.000 rafdrifnum trukkum, eins og spáð er fyrir árið í ár, til 1,2 milljóna slíkra árið 2025. Þegar talað er um trukka eða flutningabíla tekur það til minni og stærri flutningabíla, vörubíla og fólksflutningabíla. Það sem drífa mun áfram þessa þróun verður gríðarleg eftirspurn eftir rafdrifnum trukkum í Kína og sífellt strangari reglur sem settar eru um mengun í Asíu og Evrópu. Það mun einnig mikil áhrif hafa á þessa þróun að trukkabransinn gerir sér grein fyrir hve mikill rekstrarsparnaður fylgir rafdrifnum trukkum í formi eldsneytis- og viðhaldskostnaðar.

### Hægari þróun vestanhafs

Lækkandi verð á rafdrifnum trukkum mun flýta þessari þróun og það meira að segja líka í bensínlandinu Bandaríkjunum, þar sem hlutfall rafdrifinn trukka er enn mjög lágt. Þróunin mun verða talsvert hægari í Bandaríkjunum en í Evrópu og Asíu og á lágt eldsneytisverð þar mestan þátt, en einnig minni kröfur um minnkun mengunar. Því er búist við því að rafdrifnir trukkar muni aðeins seljast í 1% hlutfalli þar árið 2025 á móti 5% á heimsvísu.

### Minnkun í Kína í fyrra

Sú undarlega þróun átti sér stað í fyrra að 12% færri rafdrifnir trukkar seldust en árið áður, eða 155.000 í stað 175.000 árið 2017. Skýringarinnar er að leita í minni stuðningi kínverska yfirvalda til handa slíkum trukkaframleiðendum og áhyggjum af efnahagsástandinu í Kína og tollastríðinu við Bandaríkin. Hið þveröfuga átti sér hins vegar stað í öðrum heimshlutum þar sem varð 63% vöxtur í sölu rafdrifinna trukka í fyrra. Þessar tölur sýna hve markaðurinn í Kína skiptir miklu máli fyrir heiminn allan.




Daimler, móðurfyrirtæki Mercedes Benz hefur sett mikið fjármagn í þróun á trukkum sem ganga fyrir rafmagni. Hér sést ein frumgerð slíks trukks frá Mercedes Benz.

### Miklar fjárfestingar og þróun

Miklir fjármunir verða settir í þróun rafdrifinna trukka sem ganga að hluta eða öllu leyti fyrir rafmagni á næstu árum. Daimler, móðurfyrirtæki Mercedes-Benz, segist ætla að fjárfesta fyrir 410 milljarða króna á næstu árum og Volkswagen Group, sem á trukkafyrirtækin MAN, Scania og Volkswagen Commercial Vehicles, ætlar að fjárfesta fyrir 220 milljarða til hins sama. Öll þekktustu trukkafyrirtæki heims eru að róa í þessa átt, þó svo sum þau bandarísku dragi í fyrstu lappirnar. Volvo mun ekki láta sitt eftir liggja. Þar sem rafhlöður í svona stærri bílum eru stórar og eiga það til að missa afl með tímanum er búist við því að nýr markaður skapist fyrir aflagðar rafhlöður úr þessum bílum sem notaðar verða í ýmsa starfsemi til að geyma rafmagn og eru þær mjög brúklegar í þeim tilgangi þó afl þeirra og geymslugeta hafi minnkað.



# Bubbi byggir hefur áhrif á ungdóm landsins



Bubbi byggir, eða Bob the Builder, eins og þættirnir heita á frummálinu, hafa lengi verið vinsælir meðal barna um allan heim og þar eru íslenskir krakkar meðtaldir. Þættirnir fjalla um Bubba og félaga hans, gröfuna Skófla, ýtuna Moka, steypuhrærivélina Hringlu, kranann Loft og valtarann Valta, en í sameiningu hjálpast vinirnir að við að leysa alls kyns erfið verkefni með aðstoð aðstoðarkonu Bubba, Selmu, og kettinum Snotru. Óhætt er að segja að þættirnir hafi vakið áhuga barna á ólíkum vinnuvélum og nytsemi þeirra.

Verkefni hópsins eru af ýmsum stærðum og gerðum og reyna á samvinnu félaganna, ólíka styrkleika þeirra, nákvæmni og úrræðasemi.

Þættirnir voru fyrst sýndir í bresku sjónvarpi árið 1999 og ári síðar varð titillaga þáttarins, Can We Fix It?, mest selda smáskífan þar í landi og sat m.a. þrjár vikur í röð í efsta sæti breska vinsældalistans.

Það var Örn Árnason leikari sem talaði inn á íslensku útgáfuna fyrir Bubba.



## Könnun um stuðning við veggjöld

Meirihluti landsmanna, eða 56,1 prósent aðspurðra, er frekar eða mjög andvígur hugmyndum um að veggjöld verði innheimt til að fjármagna uppbyggingu helstu stofnleiða samgöngukerfisins samkvæmt könnun sem Zenter gerði að beiðni Fréttablaðsins en greint var frá niðurstöðunum í Fréttablaðinu 23. janúar. Einn af hverjum þremur er frekar eða mjög hlynntur slíkum hugmyndum.

Í niðurstöðum könnunarinnar kemur fram að 32,6 prósent eru mjög andvíg hugmyndum um veggjöld en aðeins 9,8 prósent eru mjög fylgjandi veggjöldum. Mestur er stuðningurinn meðal íbúa á Vesturlandi, Vestfjörðum og á Norðurlandi, eða á bilinu 39 til 41 prósent. Flestir eru mótfallnir veggjöldum á Suðurlandi og á Reykjanesi eða 74 og 70 prósent hvort um sig. Rétt rúmlega helmingur íbúa höfuðborgarsvæðisins er mótfallinn hugmyndum um veggjöld, eða 54 prósent, en 34 prósent höfuðborgarbúa sögðust hlynnt slíkum hugmyndum.

Niðurstöðurnar leiða jafnframt í ljós að fólk sem lokið hefur framhaldsnámi í háskóla er marktækt hlynntara veggjöldum en aðrir menntunarhópar, eða 45 prósent.

Könnun Zenter var netkönnun sem gerð var dagana 18. til 22. janúar. Úrtakið var 3.100 manns og var svarhlutfallið 41,5 prósent.



## Lækka hámarkshraða

Vegagerðin ákvað í byrjun árs að lækka hámarkshraða í 50 km/klst. við allar einbreiðar brýr á þjóðvegum þar sem umferð er meiri en 300 bílar á dag að jafnaði alla daga ársins. Það eru 75 brýr en um helmingur þeirra er á Hringvegi.

Á sama tíma var ákveðið að yfirfara hámarkshraða á þjóðvegum í dreifbýli og lækka hann ef þörf er á, eða fjölga merkingum um leiðbeinandi hraða. Einnig verður gerð úttekt á vegriðum á öllum brúm á stofn- og tengivegum.

Heildarfjöldi brúa á þjóðvegum sem teljast til stofn- og tengivega er 892. Af þessum brúm teljast 423 vera einbreiðar, eru því fimm metrar að breidd eða mjórri.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að fækka þessum einbreiðu brúm, þá hefur undanfarið staðið yfir átak í að bæta merkingar við einbreiðar brýr, til dæmis með uppsetningu blokkljósa. Nú hafa allar brýr á Hringvegi verið merktar á sambærilegan hátt og sama gildir um nokkrar brýr utan Hringvegar.

**Heimild: Vegagerðin**





Rúmin eru 1,65 sentímetrar að lengd og ættu að duga bræðrunum fram til tíu til tólf ára aldurs. Strákarnir eru einstaklega sáttir við nýju fínu rúmin sín.



Sigurþór, sem ólst hálfpartinn upp í Willys jeppa, sá mynd af Willys barnarúmi á netinu og ákvað að smíða sams konar rúm handa tvíburasonum sínum þeim Kristni Jarli og Alexander Frey sem eru tveggja ára. MYNDIR/STEFÁN

# Jeppadella í blóðinu

Vélsmíðameistarinn Sigurþór Friðbertsson smíðaði nýverið Willys jepparúm handa tveggja ára tvíburasonum sínum. Jeppadella á sér djúpar rætur í fjölskyldunni og lá beint við að synir hans fengju sérsmíðuð jepparúm.

Vera Einarsdóttir
vera@frettabladid.is

Ég hef gaman af því að vera í bílskúrnum að gera og græja. Ég ólst hálfpartinn upp í Willys jeppa hjá pabba mínum en hann keppti í torfæru í fjöldamörg ár og hefur Willys jeppi tilheyrt fjölskyldunni frá árinu 1986. Markmiðið er að koma honum á götuna á ný og vinnum við að því í tómstundum,“ segir Sigurþór. Tveggja ára tvíburasynir hans hafa ekki farið varhluta af dellunni og finnst afskaplega gaman að vesenast með pabba sínum í jeppanum. Þegar til stóð að leggja rimlarúmunum kom því fátt annað til greina en að smíða handa þeim jepparúm. „Ég hafði rekist á myndir af Willys barnarúmum á netinu og ákvað að slá til enda verða allir litlir strákar að eiga Willys jeppa,“ segir hann og hlær.

Hann byrjaði á því að fletta upp stærðinni á barnarúmum hjá IKEA og miðaði innanmálin við það svo hann gæti keypt passandi dýnur. Veltibúrin smíðaði hann úr ryðfríu stáli en rammana úr MDF plötum sem hann fræsti út og sagaði til. Dekkin og felgurnar eru svo fengin af fjórhjóli.

Rúmin geta að sögn Sigurþórs ýmist verið upp við vegg eða legið saman hvort upp að öðru úti á miðju gólfi. Hann ákvað að mála þau bæði blá svo ekki yrði metingur á milli bræðranna, en viðurkennir að hann hefði sjálfur viljað hafa annan bílinn rauðan.

*En hvað tók verkið langan tíma?* „Ég hef ekki grænan grun um það. Það er með svona verkefni að það er best að velta því sem minnst fyrir sér. Annars myndi maður aldrei ráðast í þau.“

Rúmin eru 1,65 sentímetrar á lengd og ættu að sögn Sigurþórs að duga drengjunum þar til þeir verða tíu til tólf ára, eða svo lengi sem þeir vilja vera í þeim.

Sigurþór segir synina Kristin Jarl og Alexander Frey hæstánægða með rúmin sín. „Mesta sportið fyrstu dagana var auðvitað að uppgötva að þeir gætu komist úr þeim, ólíkt rimlarúmunum, og straujuðu þeir reglulega fram á gang til að segja hæ. Konan fór svo í það þolinmæðisverkefni að kenna þeim að vera um kyrrt og sofa þar næturlangt.“













# Gæðakerrur fyrir öll tækifæri

## - mikið úrval aukahluta

Frá
139.000,-
m/vsk

### Garð- og tómstundakerrur

Kerrur með frábæra akstursegiginleika sem auðvelt er að geyma uppá enda.
Góð burðargeta og frábært úrval aukahluta til að auka notkunarmögleika kerrunnar.





Frá
389.000,-
m/vsk

### Sterkar iðnaðarkerrur

Sérstaklega öflugar og endingargóðar kerrur. Fáanlegar úr stáli eða áli og með mismunandi pallastærðir.

Flestar gerðir eru með:
- Lokuð hólf undir pallinum
- Verkfærakassa á dráttarbeislinu
- Rúma tvö samhliða Euro-bretti
- Hægt að nota sem flatvagn


Innbyggð geymsluhólf


Innfelldar krækjur


Fjöldi botnstífa


Aðeins 12° halli

### Tækjakerrur

- Sterkbyggðar kerrur með sturtueiginleika
- Aðeins 12° halli þegar keyrt er uppá pallinn
- Lágur þyngdarpunktur

Burðargeta allt að 2.835 kg.

Frá
1.069.000,-
m/vsk



### Söluaðilar Motormax:

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
603 Akureyri
Sími 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
260 Reykjanesbær
Sími 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
800 Selfossi
Sími 480-8000

**TOPPBÍLAR**
Kletthálsi 2
110 Reykjavík
Sími 587-2000

**KRAFTVÉLAR**
Dalvegi 6-8
201 Kópavogur
Sími 535-3500

**Kaupfélag Skagfirðinga**
Ártorgi 1
550 Sauðárkrókur
Sími 455-4500

**N1**
Klettagörðum 13
104 Reykjavík
Sími 440-1243

**MotorMax**

Motormax ehf.
Vatnagörðum 12
Sími: 545 4040



# Ég hugsa til þín

Ef ástvinur þinn dvelur langdvölum undir stýri á þjóðveginum geta eftirtaldar tækifærisgjafir gert vistina þægilegri auk þess sem þær ylja bílstjóranum um hjartarætur. Eftirfarandi tækifærisgjafir hitta í mark:

- Hljóðbækur. Það er tilvalið að hlusta á skáldverk, tungumálakennslu, sjálfshjálparbækur eða hvað sem er undir stýri.
- Rafmagnsteppi. Það er ljúft að geta hjúfrað sig undir funheitu rafmagnsteppi þegar kalt er í veðri og þarf að taka orkublund.
- Baðsett. Með handklæði, sápu, greiðu og kremi, til að fríska sig við með góðri sturtuferð á leiðinni um landið.
- Ísskápur. Lítill, til að stinga í samband í bílnum og geymir hollt nesti og hressandi drykki.
- Dagbók. Til að skrá í eldsneytiseyðslu, veggjöld eða hugrenningar og minningar á leið um landið.
- Sjúkraveski. Með plástrum, sárabindi, hitamæli, brunasmyrsli og verkjalyfjum sem létta lífið við smá óhöpp.
- Herða- og höfuðpúði. Til að hvíla þreyttan háls og hnakka eftir langa setu í sömu stellingu.



## Góð ráð í vetrarfærðinni

Sjaldan er góð vísa of oft kveðin.

Á vef Félags íslenskra bifreiðaeigenda www.fib.is er að finna góðar ráðleggingar um hvernig búa eigi bílinn fyrir vetrarfærðina.

- Þrífið bílinn og bónið, það dregur úr viðloðun snjós og frosts. Góð bónhúð ver einnig gegn tæringu frá götusaltspæklinum sem þéttbýlisbúar aka oft í dögum saman.
- Smyrjið læsingar með lásaolíu, það dregur verulega úr líkum á því að þær frjósi fastar.
- Berið varnarefni (silicon) á þéttilista dyra til að fyrirbyggja að dyrnar festist í frosti.
- Fyllið bílinn í hvert skipti sem bensín er keypt. Hætt er við að loftraki þéttist á veggjum bensíntanks sem fylltur er óreglulega og safnist fyrir í tankbotni.
- Góðir hjólbarðar eru grundvallaröryggisþáttur og geta skipt sköpum við erfiðar vetraraðstæður. Áríðandi er að hafa réttan loftþrýsting í hjólbörðum til að þeir endist vel og virki rétt.
- Athugið frostþol kælivökvans. Frostþol ætti að vera a.m.k -25°C. Einfaldast er að nota frostlagarmæli sem hægt er að fá að láni á flestum bensín- og smurstöðvum.
- Fyllið upp rúðuvökvakútinn með frostþolnum vökva. Athugið virkni þurrkanna og hvort blöðin séu í lagi.
- Kannið ástand viftureimarinnar.
- Útfellingar á geymasamböndum geta orsakað erfiðleika við gangsetningu, sérstaklega í kuldatíð. Útfellinguna er auðvelt að fjarlægja með volgu vatni, stálull eða fínum sandpappír.
- Rafgeymar nýrri bíla þurfa lítið sem ekkert viðhald þannig að ekki þarf að fylgjast með magni rafgeymavökvans. Á eldri geymum þarf að athuga sýrumagn. Vanti á rafgeyminn þá bætið á hann eimuðu vatni.
- Yfirfarið kveikjukerfið. Lélegir kveikjuþræðir auka mótstöðuna fyrir rafneistann til kertanna og það er mjög algengt vandamál við gangsetningu. Lélegir kertaþræðir eða háspennuþráður koma oft fram þegar verst á stendur eða í frosti og kulda.
- Munið að hafa rúðusköfu og lítinn snjókúst á aðgengilegum stað. Önnur góð hjálpartæki eru keðjur, vasaljós, startkaplar, dráttartóg og handhæg snjóskófla.

**Heimild: www.fib.is**





# Eplaedik er heilsubætandi „elexír“ í töfluformi



Regluleg inntaka á eplaediki er góð fyrir sýrustig líkamans og getur dregið úr bjúgsöfnun. Neysla á eplaediki er gamalt húsráð sem flestir kannast við. Töflurnar eru góðar fréttir fyrir þá sem finnst súra ediksbragðið vont.

**Eplaedik hefur verið notað sem heilsubótarefni í aldaraðir, bæði sem forvörn sem og vegna læknandi eiginleika. Nú er það komið í töfluformi sem eru góðar fréttir, sérstaklega fyrir tennurnar.**

Flestir hafa heyrt um eplaedik og ýmsa kosti þess að nota sér það til heilsubótar. Síðan 1970 hefur það verið kynnt og selt sem heilsubætandi „elexír“ þó svo að ekki liggi klínískar rannsóknir þar að baki, frekar en á ýmsum öðrum matvælum sem eru þó klárlega vel til þess fallin að auka hreysti og vellíðan. Sagt er að eplaedikið geti hjálpað til við þyngdartap, jafni blóðsykurinn og að sýran geti einnig drepið og komið í veg fyrir að bakteríur í líkamanum nái að fjölga sér.

### Melting og matarlyst

Neysla eplaediks hefur afar jákvæð áhrif á meltinguna og hjálpar það til við að örva framleiðslu á magasýrum sem er mikilvægt fyrir góða meltingu. Einnig er talað um að það hafi áhrif á matarlyst en þar sem ávallt skal drekka vel af vatni með því, gæti það hugsanlega haft áhrif. Það er þó vel þekkt að ediksýra í t.d. salatsósum hafi jákvæð áhrif á meltinguna og hugsanlega á matarlystina líka, segir á Vísindavef HÍ.

### Brjóstsviði og bjúgur

Þrátt fyrir að eplaedikið sé súrt á bragðið veldur það ekki því að t.d. brjóstsviði aukist. Það virkar akkúrat öfugt og getur því verið þjóðráð að taka eplaedik (eða sítrónusafa) í vatni fyrst á morgnana og fyrir mat og draga þannig




úr líkum á – eða jafnvel losna við brjóstsviða. Regluleg inntaka á eplaediki er góð fyrir sýrustig líkamans og getur dregið úr bjúgsöfnun. Margir hafa of hátt sýrustig í líkamanum sem getur verið tilkomið vegna lifnaðarhátta (streita og mataræði) og veldur það ýmiss konar kvillum. Ójafnvægi verður í þarmaflórunni sem getur valdið húðvandamálum og ónæmiskerfið okkar sem einnig er staðsett í þörmum og beintengt þarmaflórunni verður fyrir röskun. Að lokum skal nefna að eplaedikið, þessi „lífsins elexír“, getur dregið verulega úr slímmyndun og styrkt virkni líffæra eins og þvagblöðru, lifrar og nýrna.

### Allra meina bót?

Eins og áður kom fram, þá hefur eplaedik verið notað til heilsubótar í aldaraðir og margt hljómar örlítið eins og þetta sé allra meina bót fyrir alla. Það er þó ekki alveg þannig en það virkar klárlega fyrir suma. Í grein sem birt var í Medscape General Medicine 2006 er talað um að neysla á því geti hjálpað til við að lækka blóðþrýsting og blóðsykur og einnig að þrátt fyrir sýruna, geri það líkamann ekki súrari. Þó eru ákveðnir þættir sem þarf að varast og alltaf best að skoða málin vel og jafnvel ráðfæra sig við lækni áður en regluleg neysla hefst. Þeir sem ætla að

> **Inntaka á eplaedikstöflunum er ekki bara góðar fréttir fyrir þá sem eiga erfitt með að taka það á vökvaformi vegna bragðs, heldur líka fyrir tennurnar.**
>
> Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi

taka eplaedik inn í vökvaformi alla daga þurfa líka að huga vel að tönnunum því það er ekki gott að mikil sýra sé í munninum lengi.

### Eplaedik í töfluformi

